

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Sagnfræði

## Frá vinstri til hægri

*Breytingar á pólitísku baklandi Ólafs Ragnars Grímssonar í  
forsetatíð hans*

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði

Grétar Atli Davíðsson

Kt.: 070193-2729

Leiðbeinandi: Ragnheiður Kristjánsdóttir

September 2016

## Ágrip

Nafn Ólafs Ragnars Grímssonar blasti ekki við kjósendum er gengið var í kjörklefann í forsetakosningunum árið 2016. Lengstu forsetatíð Íslandssögunnar var lokið. Með fyrsta kjöri Ólafs árið 1996 hófst áhugavert tímabil í pólitískri sögu Íslands. Ólafur hafði verið umdeildur stjórnmalamaður, það átti einnig við um forsetatíð hans. Í öllum forsetaframboðum Ólafs átti hann harða andstæðinga sem börðust af krafti gegn honum. Pólitískt bakland Ólafs er meðal annars athyglisvert fyrir þær sakir að hörðustu andstæðingar hans í kosningunum árin 1996 og 2004 komu úr hópum sem líklegir voru til að hafa kosið hann árið 2012. Að sama skapi hafði stór hluti þeirra sem studdi Ólaf í fyrri tveimur forsetaframboðum hans snúist gegn honum árið 2012. Fylgissveiflurnar á baklandi Ólafs haldast í hendur við lagasynjanir hans, fyrst í fjölmiðlamálinu árið 2004 og síðar í Icesave-málinu árin 2010 og 2011. Fram að fyrstu lagasynjun Ólafs var það umdeilt hvort forseti hefði heimild til lagasynjana. Embætti forseta Íslands er einstakt í alþjóðlegu samhengi og ekki mjög formfast. Forseti hverju sinni getur sett sinn svip á embættið. Með virkjun synjunarvaldsins nýtti Ólafur sér sveigjanleika forsetaembættisins og hafði þar með varanleg áhrif á embættið. Rauður þráður ritgerðarinnar er að greina pólitískt bakland Ólafs og breytingar á fylgisgrundvelli hans þar sem lagasynjanirnar komu mikið við sögu. Rýnt er sveiflur á pólitísku baklandi Ólafs með tilliti til stjórnmalaskoðana kjósenda og mismunandi þjóðfélagshópa. Forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar var bæði stormasöm og sveiflukennnd. Á milli fyrstu tveggja kosningaslaga Ólafs kom hann undir sig sterkari fótum eftir mikil átök. Vinsældir hans áttu eftir að verða lygilegar áður en stuðningurinn rýrnaði í kjölfar hrunsins. Á seinni hluta fjórða kjörtímabils Ólafs endurnýjaðist fylgisgrundvöllur hans með stuðningi úr óvæntum áttum samanborið við fyrri framboð hans til embættisins.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>1. Frumraun í forsetaframboði</b> .....	<b>5</b>
Hinn umdeildi Ólafur .....	5
Getur Ólafur orðið forseti?.....	6
Hvar lá fylgið?.....	11
<b>2. Fjölmíðlamálið og forsetakosningar</b> .....	<b>16</b>
Aðdragandinn .....	16
Synjunarvaldinu beitt .....	19
Ólafur gegn auðum.....	23
<b>3. Baklandið breytist</b> .....	<b>28</b>
Útrásin og fylgissveiflur .....	28
Upprisan með Icesave .....	30
Forseti gegn ríkisstjórn .....	35
Talið úr kjörkössunum .....	38
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>42</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>46</b>

## Inngangur

Þegar fjallað er um embætti forseta Íslands er mikilvægt að hafa það hugfast að embættið er einstakt í alþjóðlegu samhengi. Verksvið forseta Íslands mótast af stjórnarskrá en ekki síður af hefðum. Deilur um valdsvið og hlutverk forseta eru eldri en sjálf lýðveldisstjórnarskráin.

Meðal Evrópuríkja þar sem forseti er þjóðkjörinn hafa forsetaframbjóðendur oftast sterk tengsl við stjórnmalaflokka. Séu frambjóðendur ótengdir stjórnmalaflokkum eða láta lítið í ljós um stjórnmalaskoðanir sínar getur það komið í veg fyrir að kjósendur átti sig á fyrir hvað frambjóðendur standa.<sup>1</sup>

Stjórnmalafraeðiprófessorarnir Gunnar Helgi Kristinsson og Indriði H. Indriðason, auk Viktors Orra Valgarðssonar stjórnmalafraeðings, telja að hugsanlegt sé „að almennt áhrifaleysi forseta Íslands á pólitískar ákvarðanir í gegnum tíðina hafi stuðlað að því að móta umgjörð forsetakosninga, þar sem persónulegir þættir eru ráðandi.“ Á yfirborðinu hafa forsetakosningar á Íslandi að minnsta kosti ekki verið flokkspólitískar að frátöldum þeim fyrstu. Stjórnmalaflokkar hafa síðan þá ekki lýst opinberlega yfir stuðningi við forsetaframbjóðanda. Forsetar Austurríkis, Írlands og Portúgal hafa álíka lítil áhrif og forseti Íslands að mati Gunnars, Indriða og Viktors en í þeim ríkjum eru forsetakjör engu að síður flokkspólitísk.<sup>2</sup> Í þingræðisríkjum gildir sú meginregla að þjóðhöfðingi hafi mjög takmörkuð völd.<sup>3</sup>

Svanur Kristjánsson stjórnmalafraeðingur hefur sagt að með stofnun lýðveldis á Íslandi hafi verið farin ný og óþekkt leið í stjórnskipan hvað varðar stöðu forseta. Svanur segir forsetaþingræði vera við lýði á Íslandi. Í því samhengi hefur hann vitnað í franska stjórnmalafraeðinginn Maurice Duverger sem bar saman völd forseta nokkurra Evrópuríkja. Niðurstaða Duverger var sú að samkvæmt stjórnskipuninni væri staða forseta Íslands einna sterkust í þeim ríkjum sem hann bar saman. Í reynd væru völd forseta Íslands hins vegar minni en hinna forsetanna.<sup>4</sup>

---

<sup>1</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, Indriði H. Indriðason og Viktor Orra Valgarðsson, „Hvað voru kjósendur að hugsa?“, bls. 222-223.

<sup>2</sup> Sama heimild, bls. 223.

<sup>3</sup> Sbr. Stefanía Óskarsdóttir, „Þingræði: Einkenni og helstu útfærslur þingræðisskipulagsins“, bls. 105. Sumir fræðimenn hafa þó skilgreint stjórnskipan Íslands sem forsetaþingræði en sú skilgreining er umdeild, bls. 110.

<sup>4</sup> Svanur Kristjánsson, „Stofnun lýðveldis – nýsköpun lýðræðis“, bls. 7 og 40.

Af stjórnarskrá Íslands má draga þá ályktun að völd forseta séu meiri en þau eru í raun og veru. Stjórnarskráin er þversagnakennd og veita ákveðnar greinar hennar forseta völd sem aðrar taka af honum. Margir héldu því til að mynda fram að 26. grein stjórnarskrárinnar um synjunarvald forseta væri í raun ekki virkur lagabókstafur, annað hefur hins vegar komið á daginn.<sup>5</sup> Mótsagnakennd stjórnarskrá Íslands býður upp á mismunandi væntingar til forseta og forsetaframbjóðenda. Til marks um það má nefna að helsta stefnumál Sturlu Jónssonar í nýsafstöðnum forsetakosningum var að leggja fram frumvarp á Alþingi<sup>6</sup> líkt og 25. grein stjórnarskrárinnar gefur til kynna að forseta sé heimilt.<sup>7</sup>

Lagaprófessorinn Björg Thorarensen og stjórn málafræðingurinn Stefanía Óskarsdóttir hafa metið stjórnskipan Íslands þannig að svo lengi sem ekki sé ráðist í neinar breytingar á stjórnarskránni „til að skilgreina betur hlutverk og stöðu forseta geti valdahlutföll þings, ríkisstjórnar og forseta þróast enn frekar í átt til aukins forsetavalds.“ Til þess veiti nógildandi stjórnarskrá svigrúm sem Ólafur Ragnar Grímsson hefur nýtt sér. Vægi embættisins segja þær hafa aukist frá fyrstu lagasynjun forseta árið 2004. Aukin völd forseta segja þær annars vegar tilkomin vegna breyttra viðhorfa kjósenda og stjórnámálanna til embættisins og hins vegar vegna afstöðu Ólafs Ragnars.<sup>8</sup> Með öðrum orðum: Nógildandi stjórnarskrá býður upp á sveiganlegt hlutverk forseta og getur sá sem gegnir embættinu hverju sinni haft nokkuð mótandi áhrif á það.

Mergur málsins er sá að valdsvið forseta er ekki í föstum skorðum. Það gefur forseta hvers tíma frjálssari hendur um nálgun sína á embættið. Forseti Íslands hefur þó litlar valdheimildir og lítið svigrúm til að láta til sín taka með raunverulegu valdi sem jókst þó í forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar. Ólafur Jóhannesson, síðar lagaprófessor og forsætisráðherra, taldi á bernskuárum lýðveldisins að ef forseti fengi frekari valdheimildir gæti það stuðlað að árekstrum milli þings og forseta.<sup>9</sup> Sagnfræðingurinn Ragnheiður Kristjánsdóttir hefur sagt að útlit sé fyrir að víðtækur vilji hafi verið fyrir því

---

<sup>5</sup> Sbr. Björg Thorarensen og Stefanía Óskarsdóttir, „Gæslumaður Alþingis“, bls. 153-154.

<sup>6</sup> Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir, „Baráttan um Bessastaði: Umræðuþáttur“, *Ríkissjórnvarpið*, 3. júní 2016.

<sup>7</sup> [Vef.] „Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“, lög nr. 33/1944. Alþingi.

<sup>8</sup> Björg Thorarensen og Stefanía Óskarsdóttir, „Gæslumaður Alþingis“, bls. 139-140.

<sup>9</sup> Ólafur Jóhannesson, „Hugleiðingar um stjórnarskrána“, bls. 107.

þegar embættið var sett á laggirnar að forseti yrði umboðsmaður þjóðarinnar eða þjóðarviljans.<sup>10</sup>

Stjórnskipan Íslands gefur kjósendum svigrúm til að hafa margvíslegar væntingar til embættisins vegna þess hve óljóst hlutverk forsetans er. Sú hugmynd virðist hafa hafa orðið ofaná að forsetinn skuli vera mótvægi gagnvart stjórnvöldum. Ætla má að Ólafur hafi ætíð verið meðal annars kjörinn forseti á þeirri forsendu.<sup>11</sup> Við kjör forseta árin 1996 og 2004 sat ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks en 2012 sat ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar. Óháð ríkisstjórnarflokkum hverju sinni var Ólafur (mis) fjarlægur stjórnvöldum í öll þau þrjú skipti sem hann var kjörinn forseti.

Ritgerðin fjallar um þær breytingar sem áttu sér stað á fylgisgrundvelli Ólafs í forsetatíð hans. Í upphafskafli ritgerðarinnar er fjallað um fyrsta forsetaframboð Ólafs. Áður hafði hann verið umdeildur stjórnámálamaður bæði innan eigin flokks og utan. Hann átti sér hatramma andstæðinga sem börðust af þrótti gegn framboði hans. Rýnt verður í þá hópa sem studdu Ólaf með hliðsjón af stuðningi við stjórnmalaflokka, aldri, kyni, þjóðfélagsstöðu, búsetu o.fl., líkt og einnig er gert í öðrum köflum ritgerðarinnar.

Í öðrum kafla er „fjölmiðlamálið“ svokallaða í forgrunni ásamt forsetakosningunum sem fylgdu í kjölfarið. Undir lok annars kjörtímabils Ólafs varð hann fyrsti forseti Íslandssögunnar til að synja lögum staðfestingar. Ákvörðunin féll í grýttan jarðveg hjá sjálfstæðismönnum og ekki síst þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddssyni. Innan við mánuði eftir synjun fjölmiðlalaganna var gengið til forsetakosninga. Fjallað er um þær með hliðsjón af lagasynjuninni.

Megináhersla þriðja kafla er á synjun forseta á tvennum lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave-reikninga Landsbankans og forsetakosningarnar sem fóru fram rúmlega ári eftir seinni synjunina. Mikið vatn rann til sjávar frá því Ólafur var fyrst kjörinn á Bessastaði árið 1996 þangað til hann var síðast endurkjörinn árið 2012. Stuðningur við forsetann dróst saman í kjölfar hrunsins haustið 2008. Með beitingu synjunarvaldsins í tvígang jókst stuðningurinn við Ólaf á ný en vindurinn í seglin blés úr annarri átt en áður.

---

<sup>10</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Efasemdir um þingræði“, bls. 142.

<sup>11</sup> Hugmyndin kemur ágætlega saman við fullyrðingu Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings (og núverandi forseta Íslands) um að alltaf hafi sá frambjóðandi sigrað í forsetakosningum á Íslandi sem þótt hefur standa fjærst valdhöfum. Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen. Ævisaga*, bls. 236. Fullyrðing Guðna stenst þó ekki alveg. Ástþór Magnússon hefur t.a.m. staðið víðsfjarri valdhöfum í hvert sinn sem hann hefur boðið sig fram til forseta.

Á þeim tímapunkti var Ólafur jafnvel orðinn vinsæll hjá hópum sem studdu hann ekki í fyrri forsetaframboðum hans en var þess í stað óvinsælli hjá kjósendum sem áður höfðu stutt hann.

Markmið ritgerðarinnar er að rannsaka hvaða hópar studdu Ólaf og á hvaða tíma. Skoðað verður hvenær breytingar urðu á pólitísku baklandi Ólafs og reynt að svara því hvers vegna fylgisgrundvöllurinn breyttist. Kastljósinu verður einnig beint að því hvort Ólafur hafi nýtt sér sveigjanleika forsetaembættisins til að styrkja fylgisgrundvöll sinn og hvaða áhrif lagasynjanirnar höfðu á pólitískt bakland Ólafs og stöðu hans sem forseta.

Rannsóknin byggir á margvíslegum heimildaförða. Mikið er stuðst við umfjöllun fjölmiðla, svo sem pistla, skoðanaskipti og fréttir, auk auglýsinga. Vísað er til ævisögu Ólafs eftir Guðjón Friðriksson sagnfræðing. Hún veitir gjarnan góða sýn á sjónarhorn forsetans, einnig er vitnað í ræður Ólafs. Skoðanakannanir eru notaðar til að greina stuðning við Ólaf eftir mismunandi hópum kjósenda. Opinber gögn vitna til um niðurstöður þeirra kosninga sem eru til umfjöllunar. Einnig er vitnað í fræðaskrif, mest eftir Svan Kristjánsson.

# 1. Frumraun í forsetaframboði

## Hinn umdeildi Ólafur

Ólafur Ragnar Grímsson boðaði til blaðamannafundar á heimili sínu 28. mars 1996. Þar tilkynnti Ólafur að hann yrði í framboði í forsetakosningunum um sumarið.<sup>12</sup> Í október 1995 vék Ólafur sem formaður Alþýðubandalagsins. Ólafur var umdeildur bæði innan flokksins og utan hans. Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, sagðist í samtali við Guðjón Friðriksson hafa verið sannfærður um það í mars 1996 að Ólafur ætlaði í forsetaframboð. Halldór segir að hugur Ólafs hafi horft til Bessastaða á þessum tíma og því hafi hann látið það vera að tjá sig við fjölmiðla um framlengingu á veru bandaríska varnarliðsins á Íslandi sem hann var annars mjög ósáttur við. Ólafur þurfti að fjarlægast þá ímynd af sér sem hörðum andstæðingi Atlantshafsbandalagsins.<sup>13</sup> Reynt var að nota meinta andstöðu hans við vestrænt varnarsamstarf gegn honum í kosningabaráttunni.<sup>14</sup> Sé rétt ályktað hjá Halldóri; að Ólafur hegðaði sér öðruvísi vegna fyrirhugaðs forsetaframboðs, er ljóst að Ólafur reyndi að höfða til breiðari hóps en áður. Í því ferli hefur það hjálpað honum að vera ekki lengur formaður Alþýðubandalagsins.

Samkvæmt lauslegri skoðanakönnun DV í október 1995 var Ólafur þriðji óvinsælasti stjórnámálamaður landsins. Fyrir ofan hann sátu Davíð Oddsson og Jón Baldvin Hannibalsson. Þeir Davíð og Jón Baldvin voru að sama skapi í fyrsta og þriðja sæti yfir vinsælustu stjórnálamennina á meðan Ólafur komst ekki á lista tíu efstu manna.<sup>15</sup> Allir voru þeir orðaðir við forsetaframboð á næstu mánuðum.<sup>16</sup>

Nokkrir nefndu Ólaf Ragnar sem forsetaefni í skoðanakönnun DV í október 1995 og í byrjun desember nefndu 4% þeirra sem tóku þátt í könnun blaðsins Ólaf sem forsetaefni. Tæplega þrefalt fleiri nefndu nafn Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins. Guðrún Agnarsdóttir, sem átti eftir að enda í framboði, mældist með um 14% stuðning.<sup>17</sup> Lítið mark er takandi á þessum könnunum. Enginn hafði opinberlega líst yfir framboði og aðeins um tilnefningar

<sup>12</sup> Sjá: „Ólafur Ragnar býður sig fram til forseta“, *Alþýðublaðið*, 29. mars 1996, bls. 1.

<sup>13</sup> Guðjón Friðriksson, *Saga af forseta*, bls. 69 og 73.

<sup>14</sup> Sjá t.d.: „Krossapróf um forsetaframbjóðanda“, [auglýsing] *Morgunblaðið*, 27. júní 1996, bls. 13.

<sup>15</sup> „Jón Baldvin óvinsælastur en Davíð nálgast hann“, *DV*, 17. október 1995, bls. 7.

<sup>16</sup> Jón Baldvin íhugaði alvarlega að fara í forsetaframboð en tilkynnti síðar að ekkert yrði af því. Jón Baldvin Hannibalsson, „Yfirlýsing vegna forsetkjörs“, *Alþýðublaðið* 22. maí 1996, bls. 2.

<sup>17</sup> „Séra Pálmi Matthíasson efstur í huga kjósenda“, *DV*, 4. desember 1995, bls. 2.



aðspurðra að ræða óháð því hvort hið tilnefnda forsetaefni hefði hug á því að fara í framboð.

Ekki verður það sagt um Davíð Oddsson að hann hafi verið sérstakur aðdáandi Ólafs. Þvert á móti elduðu þeir grátt silfur saman. Nokkrum árum áður sagði Ólafur Davíð hafa „skítlegt eðli“ og voru þau ummæli rifjuð upp í kosningabaráttunni.<sup>18</sup> Rykið var einnig dustað af tveggja ára gömlum ummælum Davíðs þar sem hann kvaðst aldrei muna sitja sem forsætisráðherra í skjóli Ólafs.<sup>19</sup> Ummælin viðhafði Davíð þó ekki í því samhengi að hann sæti í skjóli Ólafs yrði sá síðarnefndi forseti. Samt sem áður átti Davíð eftir að þurfa að kyngja þessum ummælum.

Skorað var á marga og fjöldi fólks íhugaði framboð. Smátt og smátt fóru línur að skýrast og lýstu fimm einstaklingar formlega yfir framboði. Það voru Ástþór Magnússon, Guðrún Agnarsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Pétur Kr. Hafstein og Guðrún Pétursdóttir.<sup>20</sup> Sú síðastnefnda dró framboð sitt til baka tíu dögum fyrir kjördag.<sup>21</sup> Hinn umdeildi stjórnámalaður, Ólafur Ragnar Grímsson, átti síður en svo eftir að vera óumdeildur forsetaframbjóðandi og síðar forseti. Fram að kosningum var hart tekist á um Ólaf og reyndu margir að fá kjósendur ofan af því að kjósa hann.

### **Getur Ólafur orðið forseti?**

Áberandi í umræðunni í aðdraganda kosninganna voru andstæðingar Ólafs og var heldur hart að honum vegið í kosningabaráttunni. Umræður sköpuðust um Ólaf og „herferðina“ gegn honum sem tengd var við suma af hægri mönnum samfélagsins og „Davíðsmenn“ Oddssonar.

Einum og tveimur dögum fyrir kjördag birti nafnlaus hópur sem kallaði sig „Óháða áhugamenn um forsetakjör 1996“ heilsíðu auglýsingar í *Morgunblaðinu* og *Tímanum* sem beint var gegn Ólafi. Í einni slíkri sem birtist í báðum blöðunum voru bornar fram tíu spurningar: „Krossapróf um forsetaframbjóðanda“. Prófspurningunum skyldi svarað gegn Ólafi. Meint trúleysi Ólafs var gert tortryggilegt sem og fyrri störf hans í stjórnámálum. Síðasta spurningin var svohljóðandi: „Hefur Ólafur Ragnar Grímsson alls

<sup>18</sup> Sjá t.d.: Pétur Óli Jónsson, „Skítlegt eðli og heiðarleiki“, *Alþýðublaðið*, 5. júní 1996, bls. 3.

<sup>19</sup> Sbr. Halldór Halldórsson, Fjandar í anda Hafskips“, *Helgarpósturinn*, 27. júní 1996, bls. 10.

<sup>20</sup> „Fimm í framboði“, *Morgunblaðið*, 26. maí 1996, bls. 4.

<sup>21</sup> Sbr. Björn Jóhann Björnsson, „Eins og góður skilnaður“, *DV*, 20. júní 1996, bls. 40.

staðar valdið hörðum deilum, þar sem hann hefur starfað í stjórnmalafylkingum?“ Í lok auglýsingarinnar var spurt: „Ef svarið við þessum spurningum er játandi, er ástæða til að spyrja hvort slíkur maður getur orðið sameiningartákn íslensku þjóðarinnar.“ Þrjár spurningar krossaprófsins sneru að því hvort Ólafur hafi ráðist með „óbótaskömmum“ á forsvarsmenn Hafskips og Flugleiða þegar fyrirtækin voru í erfiðleikum og hvort Ólafur hafi sem fjármálaráðherra vegið ósanngjarnt að Þýsk-íslenska hf.<sup>22</sup> Reynt var að stilla Ólafi upp sem óheppilegu forsetaefni sem meðal annars gæti ekki orðið sameiningartákn þjóðarinnar.

Í þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar frá því skömmu eftir forsetakosningarnar kemur fram að um 37% þeirra sem tóku afstöðu töldu Ólaf Ragnar hæfasta frambjóðandann til að verða sameiningartákn þjóðarinnar. Það er nokkru lægra hlutfall en kaus hann (40,9%<sup>23</sup>). Aðeins um 14% þeirra sem sögðust styðja Sjálfstæðisflokkinn á þessum tíma töldu Ólaf best til þess fallinn að verða sameiningartákn þjóðarinnar en um 76% stuðningsfólks Alþýðubandalagsins.<sup>24</sup> Mögulega var þess síður vænst af Ólafi að hann yrði sameiningartákn þjóðarinnar.

Í annarri heilsíðu auglýsingu hópsins voru markmiðin útlistuð: „Óháðir áhugamenn um forsetakjör vilja ekki kveða upp dóm yfir Ólafi Ragnari Grímssyni. En þeir vilja með upprifjun á orðum hans og gjörðum auðvelda kjósendum að dæma rétt.“<sup>25</sup> Í frétt *Morgunblaðsins* sama dag og fyrstu auglýsingarnar birtust var greint frá því að Björgólfur Guðmundsson, Ómar Kristjánsson og Sigurður Helgason stæðu að auglýsingunum.<sup>26</sup> Þeir voru fyrrverandi forstjórar fyrirtækjanna sem nefnd voru í krossaprófinu. Forstjórnarnir sögðu sig aðeins vera að fjalla um umdeilda fortíð Ólafs í stjórnmalum sem fjölmiðlar hefðu að langmestu leyti þaggað niður í kosningabaráttunni.<sup>27</sup> Hversu óháðir áhugamennirnir voru skal látið liggja á milli hluta. Hins vegar var þeim það keppikefli að Ólafur yrði ekki forseti. Dýrar og örvæntingafullar auglýsingar korteri fyrir kosningar vitna til um það.

---

<sup>22</sup> „Krossapróf um forsetaframbjóðanda“, [auglýsing] *Morgunblaðið*, 27. júní 1996, bls. 13. Sama auglýsing birtist einnig í *Tímanum*, 28. júní 1996, bls. 19.

<sup>23</sup> *Forsetakjör 1996*, Hagskýrslur Íslands III, 49, bls. 20-21.

<sup>24</sup> Stefán Ólafsson, Steinunn Gestsdóttir, Bylgja Valtýsdóttir o.fl., „Forsetakosningar 29. júní 1996“, bls. 12-13.

<sup>25</sup> „Til kjósenda“, [auglýsing] *Morgunblaðið*, 27. júní 1996, bls. 11.

<sup>26</sup> „Auglýsingar um forsetakjör“, *Morgunblaðið*, 27. júní 1996, bls. 2.

<sup>27</sup> Björgólfur Guðmundsson, Ómar Kristjánsson og Sigurður Helgason, „Yfirlýsing frá óháðum áhugamönnum um forsetakjör 1996“, *Morgunblaðið*, 29. júní 1996, bls. 18-19.

Kolbrún Bergþórsdóttir blaðamaður var ein af þeim sem gagnrýndi sjálfstæðismenn í kosningabaráttunni. Í því samhengi ritaði hún um „stuttbuxnadeild“ flokksins sem gat ekki horfst í augu við að Ólafur yrði næsti forseti landsins. Það hafi reynst sjálfstæðismönnum ofviða að finna frambjóðanda innan sinna raða sem keppt gæti við Ólaf. Þess í stað horfðu sjálfstæðismenn hýru auga til Jóns Baldvins Hannibalssonar, formanns Alþýðuflokksins.<sup>28</sup> Meðal þeirra var Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna og núverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Ólaf sagði hann „sjaldan [hafa] farið með pólitískt embætti án þess að misnota það.“<sup>29</sup>

Samkvæmt greiningu Félagsvísindastofnunar á úrslitum forsetakosninganna árið 1996 segir að um 60% þeirra sem þá studdu Sjálfstæðisflokk hafa kosið Pétur Kr. Hafstein. Restin af atkvæðum sjálfstæðismanna skiptust nokkurn veginn jafnt á milli Guðrúnar Agnarsdóttur og Ólafs Ragnars. Meðal stuðningsfólks annarra flokka en Sjálfstæðisflokks fékk Pétur lítinn stuðning, næstmestur var hann frá alþýðuflokksmönnum, um 18%.<sup>30</sup>

Kannski tókst sjálfstæðismönnum ekki að finna sér frambærilegan frambjóðanda. Því skal þó haldið til haga að forsetakosningar á Íslandi hafa ekki verið flokkspólitískar í þeim skilningi að flokkar lýsi yfir stuðningi við frambjóðanda að frátöldum þeim fyrstu.<sup>31</sup> Einnig má rifja upp orð Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings og núverandi forseta sem hefur bent á að í öll þau skipti sem forsætisráðherra hefur stutt forsetaefni hafi viðkomandi ekki náð kjöri.<sup>32</sup>

Sé rétt talið birtu óháðu áhugamennirnir aðrar tvær auglýsingar í *Morgunblaðinu* daginn fyrir kjördag. Önnur bar yfirskriftina „Verkin tala!“. Þar var áfram alið á tortryggni í garð Ólafs og þversagnakennd ummæli hans um Nikiolai Ceausescu fyrir og eftir fall kommúnismans í Rúmeníu voru dregin fram í dagsljósið.<sup>33</sup> Hin auglýsingin í *Morgunblaðinu* beindist eingöngu að trúarskoðunum Ólafs. Þar voru rifjuð upp fyrri

---

<sup>28</sup> Kolbrún Bergþórsdóttir, „Að kjósa frá sér formanninn“, *Alþýðublaðið*, 22. maí 1996, bls. 3.

<sup>29</sup> Guðlaugur Þór Þórðarson, „Ólafur Ragnar hefur þagað með þryði“, *Helgarpósturinn*, 15. maí 1996, bls. 11.

<sup>30</sup> Stefán Ólafsson, Steinunn Gestsdóttir, Bylgja Valtýsdóttir o.fl., „Forsetakosningar 29. júní 1996“, bls. 31.

<sup>31</sup> Sbr. Gunnar Helgi Kristinsson, Indriði H. Indriðason og Viktor Orri Valgarðsson, „Hvað voru kjósendur að hugsa?“, bls. 222.

<sup>32</sup> Sjá: [Vef.] Sunna Karen Sigurþórsdóttir, „Forsetaefni sem forsætisráðherra hefur stutt hefur alltaf tapað“.

<sup>33</sup> „Verkin tala!“, [auglýsing] *Morgunblaðið*, 28. júní 1996, bls. 27.

ummæli hans um vantrú hans á guði og ummæli frá því nokkrum vikum fyrir kjördag þar sem hann sagðist víst trú á guð. Í auglýsingunni stóð: „Svo til öll þjóðin tilheyrir þjóðkirkjunni og öðrum kristnum söfnum. Það er hennar að meta hverjum hún treystir í trúmálum.“<sup>34</sup>

Auglýsingarnar höfðu afar takmörkuð áhrif. Í rannsókn Félagsvísindastofnunar kemur fram að um 4% aðspurðra sem sáu auglýsingarnar gegn Ólafi hafi hætt við að styðja ákveðinn frambjóðanda og kosið annan í staðinn.<sup>35</sup> Guðjón Friðriksson telur að auglýsingarnar hafi jafnvel haft þveröfug áhrif en markmið þeirra var.<sup>36</sup> Ekki er útilokað að greining Guðjóns sé rétt. Spurningin fjallar ekki um hvort aðspurðir hafi hætt við að styðja Ólaf og stutt annan frambjóðanda í staðinn. Viðhorf fólks til auglýsinganna byggðist að mestu á flokkslínum. Af stuðningsmönnum Alþýðubandalagsins töldu um 75% að auglýsingarnar væru efnislega rangar, álíka hlutfall sjálfstæðismanna taldi auglýsingarnar efnislega réttar. Reykvíkingar voru líklegri en fólk búsett á landsbyggðinni til að telja auglýsingarnar réttar.<sup>37</sup>

Í orðræðunni fyrir forsetakosningarnar árið 1996 var meint trúleysi Ólafs höggstaður á honum. Ólafur brást við með þeim hætti að lýsa því yfir að hann væri ekki trúleysingi. Hann væri í þjóðkirkjunni og fjölskylda hans væri öll skírð og fermd.<sup>38</sup> Trúarskoðanir Ólafs og yfirlýsingar hans um eigin trúmál voru til umræðu.<sup>39</sup> Davíðsmaðurinn Jón Steinar Gunnlaugsson sagði til að mynda af sér sem formaður yfirkjörstjórnar eftir að Ólafur hafði ítrekað trú sína í viðtali við *Alþýðublaðið*. Jón Steinar sagði það „nálgast hneisu fyrir þjóðina að kjósa Ólaf Ragnar forseta“. Hann sagði Ólaf hafa logið fyrir rétti um trúarskoðun sína. Einnig misbauð honum framganga hans gegn Hafskipi hf. og Þýsk-Íslenska hf.<sup>40</sup> Lögmaður Ólafs gagnvart yfirkjörstjórn, Sigurður G. Guðjónsson, gagnrýndi Jón Steinar harðlega og sagði afsögn hans hannaða til að kasta

---

<sup>34</sup> „Trúmál og forseti Íslands“, [auglýsing] *Morgunblaðið*, 28. júní 1996, bls. 11.

<sup>35</sup> Stefán Ólafsson, Steinunn Gestsdóttir, Bylgja Valtýsdóttir o.fl., „Forsetakosningar 29. júní 1996“, bls. 22.

<sup>36</sup> Guðjón Friðriksson, *Saga af forseta*, bls. 83.

<sup>37</sup> Stefán Ólafsson, Steinunn Gestsdóttir, Bylgja Valtýsdóttir o.fl., „Forsetakosningar 29. júní 1996“, bls. 19.

<sup>38</sup> Sbr. „Ég er ekki trúleysingi“, *Alþýðublaðið*, 22. maí 1996, bls. 1.

<sup>39</sup> Sjá t.d.: Magnús Óskarsson, „Trúir Ólafur Ragnar á guð?“, *Morgunblaðið*, 30. maí 1996, bls. 50.

<sup>40</sup> Jón Birgir Pétursson, „Nálgast hneisu fyrir þjóðina að kjósa Ólaf Ragnar“, *Tíminn*, 29. maí 1996, bls. 3.

rýrð á einn frambjóðanda og gaf í skyn að afsögnin væri í þágu framboðs Péturs Kr. Hafstein.<sup>41</sup>

Í aðdraganda kosninganna sagði stjórn málafræðingurinn Birgir Hermannsson að kosningabaráttan hafi orðið mjög pólitísk eftir „árás“ Jóns Steinars Gunnlaugssonar á Ólaf Ragnar.<sup>42</sup> Birgir og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, einn af bandamönnum Davíðs, áttu í skoðanaskiptum í *Alþýðublaðinu* um Ólaf og framboð hans. Kveikja ritdeilunnar var pistill Birgis er fjallaði um „herferðina“ gegn Ólafi Ragnari. Þar sagði Birgir meðal annars að allir „mykjudreifarar Sjálfstæðisflokksins hafa nú verið ræstir og dreifa skít [um Ólaf Ragnar] sem aldrei fyrr“. Meðal mykjudreifara sagði hann vera Hannes Hólmstein og Jón Steinar.<sup>43</sup> Hannes gaf lítið fyrir áskanir Birgis um rógburð og sagðist aðeins vera að benda á staðreyndir.<sup>44</sup> Það dylst hins vegar engum sem les skrif Hannesar í aðdraganda kosninganna að hann var allt annað en hrifinn af framboði Ólafs og væntanlegu kjöri hans. Hannes varaði kjósendur við því að yrði Ólafur kjörinn forseti gæti farið álíka illa fyrir íslensku þjóðinni og fór fyrir dr. Jekyll og mr. Hyde.<sup>45</sup>

Lestur á pistlum Hannesar í aðdraganda forsetakosninganna hefði skilað samviskusömum nemanda fullu húsi úr krossaprófi óháðu áhugamannanna. Orðræða Hannesar rímaði fullkomlega við auglýsingar forstjóranna um forsetakjörið. Hannes rifjaði upp fyrri ummæli Ólafs um Nikiolai Ceausescu, trúarskoðun hans og meintar lygar fyrir dómi, umdeildan stjórn málaferil Ólafs og meðhöndlun hans á málum Flugleiða, Hafskips og Þýsk-íslenska.<sup>46</sup> Óháðu áhugamennirnir og málsmetandi sjálfstæðismenn lýstu ekki yfir stuðningi við ákveðinn frambjóðanda heldur eyddu þeir púðrinu í andstöðu við Ólaf. Til þess að minnka líkurnar á að Ólafur næði kjöri hefðu andstæðingar hans líklega þurft að sameinast um stuðning við einn frambjóðanda.

---

<sup>41</sup> „Menn geta bara lagt saman tvo og tvo“, *Alþýðublaðið*, 28. maí 1996, bls. 1.

<sup>42</sup> Hrafn Jökulsson, „Pétur eða Ólafur“, *Alþýðublaðið*, 30. maí 1996, bls. 4.

<sup>43</sup> Birgir Hermannsson, „Herferðin gegn Ólafi Ragnari“, *Alþýðublaðið*, 7. júní 1996, bls. 3. Í *Tímanum* var fjallað um „kamikaze-hermenn“ sjálfstæðismanna og voru Jón Steinar, Sigurður Helgason og Magnús Óskarsson allir nefndir í því sambandi. Hernaðurinn var sagður hafa afleiðingar öfugar við markmiðið; fólk sýndi Ólafi frekar samúð. Sjá: Garri, „Ný þróun í forsetakosningum“, *Tíminn*, 19. júní 1996, bls. 4.

<sup>44</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Staðreyndir í stað rógs“, *Alþýðublaðið*, 11. júní 1996, bls. 3.

<sup>45</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Mr. Hyde og dr. Jekyll“, *DV*, 3. júní 1996, bls. 15. Einnig óaði Hannes „við þeirri hættu sem fylgir því óneitanlega að Ólafur Ragnar verði forseti!“ Sjá: „Tíminn spyr...“, *Tíminn*, 30. maí 1996, bls. 2.

<sup>46</sup> Sbr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Betri er sannleikur byrstur og grár...“ *Alþýðublaðið*, 20. júní 1996, bls. 2.

Sjálfur kvaðst Ólafur velta sér lítið upp úr skrifunum gegn sér og sagði um nokkuð þröngan hóp andstæðinga að ræða.<sup>47</sup> Samkvæmt þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar frá júlí 1996 töldu um 12% þeirra sem nýttu atkvæðisrétt sinn og kusu að veita svar við könnuninni að þau myndu sætta sig frekar eða mjög illa við Ólaf Ragnar Grímsson sem forseta. Um 75% sögðust halda að þau myndu sætta sig mjög eða frekar vel við Ólaf á Bessastöðum.<sup>48</sup> Um er að ræða rausnarlegan stuðning við forsetann á hveitibrauðsdögum hans í embætti. Sérstaklega í ljósi þess að tæplega 60% greiddra atkvæða í kosningunum nokkrum vikum áður féllu ekki til Ólafs. Þjóðmálakönnunin gefur til kynna að Ólafur hafi strax orðið óumdeildari persóna sem forseti heldur en ýmsir höfðu óttast fyrir kosningarnar. Ekki voru allir tilbúnir að kjósa Ólaf í forsetakosningunum árið 1996 en mun stærri hópur fólks var tilbúinn að umbera hann. Hvað veldur því er erfitt að segja til um. Líklegasta skýringin er sú að kjósendur hafi ákveðið að sætta sig við orðinn hlut og styðja réttkjörinn forseta. Niðurstöður þjóðmálakönnunarinnar benda til þess að Ólafur hafi haft rétt fyrir sér þegar hann sagði hóp andstæðinga sinna hafa verið heldur þröngan.

### Hvar lá fylgið?

Andstæðingum Ólafs varð ekki að ósk sinni. Ólafur Ragnar Grímsson var kjörinn forseti með 40,9% greiddra atkvæða. Næst komu Pétur Kr. Hafstein með 29,2% og Guðrún Agnarsdóttir með 26,0%. Ástpór Magnússon rak lestina með 2,6% stuðning. Ólafur fékk flest atkvæði í öllum kjördæmum. Hlutfallslega var mestur stuðningur við hann í Vestfjarðakjördæmi og í Austurlandskjördæmi. Minnstur var stuðningurinn við Ólaf í Reykjavík.<sup>49</sup>

---

<sup>47</sup> Gísli Þorsteinsson, „Tiltölulega þröngur hópur manna í skrifum gegn mér“, *Helgarpósturinn*, 20. júní 1996, bls. 11.

<sup>48</sup> Stefán Ólafsson, Steinunn Gestsdóttir, Bylgja Valtýsdóttir o.fl., „Forsetakosningar 29. júní 1996“, bls. 27.

<sup>49</sup> *Forsetakjör 1996*, Hagskýrslur Íslands III, 49, bls. 20-21. Í Hagskýrslunum er fylgi frambjóðenda ekki aðgreint frá auðum og ógildum atkvæðum. Tölurnar um fylgi frambjóðenda í meginmálinu hafa verið umreiknaðar til að sýna atkvæðahlutfall frambjóðenda í samræmi við kjörsókn. Samkvæmt kosningalögum eru auð atkvæði þó skilgreind sem ógild. [Vef.] „Lög um kosningar til Alþingis“, lög nr. 24/2000. 522. mál, 125. löggjafarþing, þingskjal 1364. Ákvæði laga um kosningar til Alþingis gilda að stórum hluta um forsetakosningar, þ.á.m. ákvæði um auða atkvæðaseðla. [Vef.] „Lög um framboð og kjör forseta Íslands“, lög nr. 36/1945. Alþingi.

Hér er stuðst við opinber gögn um greidd atkvæði. Fyrirvara þarf að setja á skoðanakannanir, þær styðjast ætíð við minna úrtak en tekur þátt í kosningum og jafnvel þó svo allir á kjörskrá tækju þátt í skoðanakönnun er ekki víst að spáð yrði með réttu fyrir um úrslit kosninga. Engin trygging er fyrir því að fólk greiði atkvæði í samræmi við svar í skoðanakönnun.

Opinberu gögnin eru áreiðanleg og sýna niðurstöðu kosninganna svart á hvítu svo langt sem þau ná. Það liggur hins vegar í augum uppi að í leynilegum kosningum eru atkvæði ekki rakin langt. Upplýsingar um atkvæðadreifingu í forsetakjörinu með tilliti til stjórnmálaskoðana, kyns, aldurs, menntunar, stéttar o.fl. er því að finna í skoðanakönnunum sem aldrei munu nýtast sem fullgild heimild fyrir hlutlægum sannleika en geta þó veitt sterkar vísbendingar fyrir honum.

Í greiningu Félagsvísindastofnunar frá júlí 1996 var spurt hvaða stjórnmálaflokk fólk kysi ef kosið yrði á þeirri stundu. Hlutfallslega fékk Ólafur langmestan stuðning hjá alþýðubandalagsmönnum, um 85%. Minnstan hlutfallslegan stuðning fékk Ólafur frá sjálfstæðismönnum, um 18%. Um 63% framsóknarmanna og um 57% stuðningsfólks Alþýðuflokksins greiddu Ólafi sitt atkvæði. Þrátt fyrir að Ólafur hafi fengið minnstan hlutfallslegan stuðning frá sjálfstæðismönnum greiddu þeir honum mikinn fjölda atkvæða. Töluvert fleiri sjálfstæðismenn greiddu til að mynda Ólafi atkvæði sitt en stuðningsfólk Alþýðuflokks. Flest atkvæði til Ólafs komu frá þeim sem sögðust styðja Framsóknarflokk og Alþýðubandalag.<sup>50</sup>

Í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar sem gerð var tveimur og þremur dögum fyrir kjördag sögðust um 47% karla og um þriðjungur kvenna ætla að greiða Ólafi atkvæði sitt. Svörin voru einnig greind eftir aldurshópum, 18-24 ára, 25-34 ára, 35-44 ára, 45-59 ára og 60-75 ára. Ólafur var vinsælastur í öllum aldursflokkum. Stuðningurinn var mestur frá elsta hópnum, um 48%, en minnstur í næstýngsta hópnum, um 35%.<sup>51</sup> Í könnun Félagsvísindastofnunar sem unnin var eftir kosningarnar var greiningu með tilliti til aldurs háttað öðruvísi. Niðurstöður þeirrar könnunar voru greindar eftir fjórum aldurshópum. Samkvæmt þeirri könnun greiddu um 60% eldri borgara Ólafi sitt atkvæði.

---

<sup>50</sup> Stefán Ólafsson, Steinunn Gestsdóttir, Bylgja Valtýsdóttir o.fl., „Forsetakosningar 29. júní 1996“, bls. 31. Ólafur hóf þátttöku sína í pólitísku starfi innan Framsóknarflokksins á sjöunda áratugi síðustu aldar. Sbr. Pálmi Jónasson, *Herra forseti*, bls. 31-32. Ólafur naut því mestu stuðnings fylgisfólks fyrrum flokka sinna.

<sup>51</sup> Karl Sigurðsson, „Fylgi forsetaframbjóðenda“, bls. 6.

Í aldurshópnum 18-29 ára fékk Ólafur tæplega þriðjung atkvæða, litlu minna en Guðrún Agnarsdóttir. Í hinum tveimur aldurshópnum (30-49 ára og 50-66 ára) sem mælt var út frá fékk Ólafur flest atkvæði.<sup>52</sup> Ljóst er að Ólafur sótti meira fylgi til karla en kvenna og frekar til eldri en yngri kjósenda.

Minna menntaðir studdu frekar Ólaf en meira menntaðir. Nær tvöfalt fleiri þeirra sem höfðu aðeins lokið grunnskólaprófi eða minna námi kusu Ólaf en Pétur sem var næstvinsælastur meðal þess hóps. Guðrún og Pétur fengu sitt hvorn fimmtunginn af atkvæðum þeirra sem lokið höfðu starfsnámi, rúmlega þrefalt minna en Ólafur fékk frá sama hópi. Ólafur fékk einnig mestan stuðning iðnmenntaðra. Guðrún og Pétur voru bæði vinsælli en Ólafur meðal háskólamenntaðs fólks. Meðal þeirra sem lokið höfðu bóklegu námi á framhaldsskólastigi var Pétur vinsælastur, rétt á undan Ólafi. Meðal embættismanna og stjórnenda var Pétur með um 45% fylgi, töluvert meira en Ólafur. Pétur var einnig vinsælastur meðal tækna og skrifstofufólks. Yfir helmingur sjómanna og bænda, iðnaðarmanna og verkafólks kaus Ólaf. Þá átti Ólafur einnig mestan stuðning þeirra sem unnu þjónustustörf.<sup>53</sup> Svanur Kristjánsson telur að víðfeðmur stuðningur við Ólaf meðal fjölmennra kjósendahópa hafi spilað sitt hlutverk í sigri hans. Mótframbjóðendurnir hafi frekar sótt fylgi í fámennari hópa kjósenda.<sup>54</sup>

Ólafur hefur lýst því að Guðrún Katrín Þorbergsdóttir, þáverandi eiginkona hans, hafi tekið virkan þátt í kosningabaráttunni.<sup>55</sup> Sagt hefur verið að margir kjósendur Ólafs hafi ekki síður verið að kjósa Guðrúnu Katrínu.<sup>56</sup> Í þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar var spurt „[h]ver frambjóðendanna fannst þér hafa mestan álitsauka af maka sínum í kosningabaráttunni?“ Rúmlega þrjú af hverjum fjórum sem tóku afstöðu til spurningarinnar sögðu það vera Ólaf Ragnar. Næstflestir, rúm 8%, svöruðu því að enginn frambjóðendanna hefði álitsauka af maka sínum.<sup>57</sup> Af

---

<sup>52</sup> Stefán Ólafsson, Steinunn Gestsdóttir, Bylgja Valtýsdóttir o.fl., „Forsetakosningar 29. júní 1996“, bls. 31.

<sup>53</sup> Sama heimild, bls. 31. Niðurstöður könnunar Félagsvísindastofnunar sem gerð var tveimur til þremur dögum fyrir kosningarnar eru í svipuðum tón og könnunin sem vitnað er til að framan varðandi þau atriði sem greint hefur verið frá. Mest er skekkjan á milli kannana varðandi afstöðu sérfræðinga. Í fyrri könnuninni er spáð fyrir um að Ólafur hefði stuðning um 31% sérfræðinga en í þeirri síðari að Ólafur hafi notið um 43% stuðnings sama hóps. Karl Sigurðsson, „Fylgi forsetaframbjóðenda“, bls. 6.

<sup>54</sup> Svanur Kristjánsson, „Átök um þjóðhöfðingjavald og lýðræði“, bls. 258-259.

<sup>55</sup> Páll Magnússon, „Sprengisandur: Forseti Íslands - þriðji hluti“.

<sup>56</sup> Guðjón Friðriksson, *Saga af forseta*, bls. 74

<sup>57</sup> Stefán Ólafsson, Steinunn Gestsdóttir, Bylgja Valtýsdóttir o.fl., „Forsetakosningar 29. júní 1996“, bls. 14.



stuðningsfólki Ólafs nefndu um 30% að maki hans væri mjög mikilvægur þáttur í vali þeirra.<sup>58</sup> Svanur Kristjánsson telur persónufylgi Guðrúnar Katrínar hafa spilað lykilhlutverk í kjöri Ólafs.<sup>59</sup> Enginn skal vanmeta þátt hennar í kosningabaráttunni. Mögulega hjálpaði Guðrún Katrín eiginmanni sínum að höfða til breiðari hóps en áður.

Atriði sem fólk taldi „mjög mikilvæg“ í vali sínu á frambjóðanda:

Eiginleikar frambjóðanda	Ástþór	Guðrún	Ólafur	Pétur Kr.	Fjöldi
Heiðarleiki	58,3%	88,3%	57,4%	94,4%	521
Almenn framkoma	36,4%	76,5%	62,6%	68,1%	464
Hæfni í samskiptum við útlendinga	50,0%	48,1%	69,2%	42,1%	374
Hæfni í samskiptum við þjóðina	33,3%	60,9%	48,8%	57,8%	367
Alm. hæfni í samanburði við móttframbjóðendur	36,4%	45,9%	55,8%	50,7%	348
Fyrri störf og starfsferill	15,4%	42,1%	23,8%	38,7%	220
Forsetaleg ímynd	16,7%	35,3%	33,6%	31,2%	212
Maki	0,0%	10,9%	29,7%	19,7%	150
Kosningabaráttá	25,0%	24,7%	21,3%	19,9%	147
Stjórnmalaskoðanir	8,3%	8,3%	3,4%	10,7%	46
Kyn	0,0%	7,9%	2,3%	0,9%	22

60

Tæplega fjórðungur stuðningsmanna Ólafs sögðu fyrri störf hans vera mjög mikilvægan þátt í vali þeirra. Um 3% nefndu stjórnmalaskoðanir hans sem mjög mikilvægt atriði. Fleiri kjósendur Ólafs töldu aðra þætti í fari hans mikilvægari. Hæfni í samskiptum við útlendinga nefndu flestir stuðningsmenn Ólafs sem mjög mikilvægan þátt í vali þeirra. Almenn framkoma Ólafs og heiðarleiki voru þeir kostir sem komu næst á eftir. Stjórnmaláferill hans virðist ekki hafa með beinum hætti hafa talist Ólafi til tekna. Aðrir þættir í fari hans kunna að hafa vegið upp á móti umdeildum ferli í stjórnmalum. Stjórnmaláferill Ólafs hefur þó að minnsta kosti hjálpað honum með þeim hætti að hann var þekktur og fólk vissi vel hver hann var þegar hann fór í framboð.

Birgir Hermannsson ritaði í *Alþýðublaðið* um kosti þess að kjósa þjóðþekktu frambjóðendur. Með því að kjósa Ólaf væri ekki verið að kjósa „litlaust nobody“ sem allt eins gæti verið kötturinn í sekknum. Fólk myndi kjósa Ólaf með göllum hans.<sup>61</sup> Þetta kann að vera rétt greining hjá Birgi. Einkum í ljósi þess hve fáir kjósendur Ólafs nefndu

<sup>58</sup> Sama heimild, bls. 10.

<sup>59</sup> Svanur Kristjánsson, „Átök um þjóðhöfðingjavalld og lýðræði“, bls. 259.

<sup>60</sup> Stefán Ólafsson, Steinunn Gestsdóttir, Bylgja Valtýsdóttir o.fl., „Forsetakosningar 29. júní 1996“, bls. 10.

<sup>61</sup> Birgir Hermannsson, „Að kaupa köttinn í sekknum“, *Alþýðublaðið*, 16. apríl 1996, bls. 3.

stjórnmalaskoðanir og fyrri feril hans sem mjög mikilvægt atriði í vali sínu á frambjóðanda.

Ólafur lagði sjálfur áherslu á að forsetinn gegndi mikilvægu hlutverki í alþjóðasamskiptum.<sup>62</sup> Davíð Oddsson var lítt hrifinn af þeirri hugmynd Ólafs og gagnrýndi hann fyrir að tala fyrir því að forseti Íslands ætti að vera „farandsendiherra“ þjóðarinnar. Davíð sagði að Ólafur og aðrir hefðu þá sýn á embættið að það væri hugsað fyrst og fremst til að „impónera útlendinga“.<sup>63</sup> Í könnun Félagsvísindastofnunar sem unnin var innan við mánuði fyrir forsetakjörið kom fram að um helmingur þeirra sem sögðust ætla að kjósa Ólaf vildu að forseti legði meiri áherslu á að afla viðskiptatengsla erlendis en fyrri forsetar höfðu gert. Alls sögðu um 45% þeirra sem tóku þátt í könnuninni (óháð hvaða forsetaefni aðspurðir studdu) að þau vildu að forseti legði meiri áherslu á eflingu viðskiptatengsla í útlöndum en fyrri forsetar höfðu gert.<sup>64</sup> Stór hluti kjósenda Ólafs horfði ef til vill á hann sem „farandsendiherra“ sem heillað gæti útlendinga.

Svanur Kristjánsson hefur sagt að ekki sé hlaupið að því að útskýra sigur Ólafs en hefur nefnt nokkur atriði sem hann telur hafa verið veigamikil í sigrinum. Svanur benti á að kjósendur Sjálfstæðisflokks og Kvinnalista hafi verið afar ólíklegir til að kjósa Ólaf. Þá hafi hann fengið talsvert meiri stuðning karla en kvenna. Um 60% kjósenda Kvinnalistans hafi kosið Guðrúnu Agnarsdóttur og sama hlutfall kjósenda Sjálfstæðisflokksins kosið Pétur Kr. Hafstein. Svanur hefur sagt klofning andstæðinga Ólafs hafa valdið sigri þess síðastnefnda. Einnig nefndi hann mjög markvissa kosningabaráttu Ólafs sem orsakaskýringu fyrir kjöri hans.<sup>65</sup>

Óneitanlega hefur það hjálpað Ólafi að glíma við bæði Pétur og Guðrúnu en ekki bara annað þeirra. Niðurstaða kosninganna hefði orðið önnur ef annað þeirra hefði ekki verið í framboði. Svanur bendir réttilega á að hlutfallslega voru kjósendur Sjálfstæðisflokks ólíklegir til að kjósa Ólaf. Hins vegar var Sjálfstæðisflokkurinn langstærsti flokkur landsins og töluverður fjöldi sjálfstæðismanna greiddi Ólafi atkvæði sitt.

---

<sup>62</sup> Sbr. Guðjón Friðriksson, *Saga af forseta*, bls. 74.

<sup>63</sup> Sbr. Guðmundur Sv. Hermannsson og Karl Blöndal, „Forsetaembættið er í eðli sínu pólitískt“, *Morgunblaðið*, 14. apríl 1996, bls. 10.

<sup>64</sup> Karl Sigurðsson, „Afstaða til forsetaembættisins“, bls. 6.

<sup>65</sup> Svanur Kristjánsson, „Átök um þjóðhöfðingjavald og lýðræði“, bls. 258.

## 2. Fjölmiðlamálið og forsetakosningar

### Aðdragandinn

Forsetakjórið 2004 fór fram undir óvenjulegum kringumstæðum. Rúmum þremur vikum fyrir kjördag hafði Ólafur Ragnar Grímsson í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins beitt synjunarvaldi forseta líkt og 26. grein stjórnarskrárinnar veitir heimild til.<sup>66</sup> Í maí 2004 voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á útvarps- og samkeppnislögum. Í frumvarpinu segir að meginmarkmið þess hafi verið „að sporna við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamli gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi.“<sup>67</sup> Hins vegar er það óumdeilt að markmið frumvarpsins var að ráðast gegn stöðu Baugs á fjölmiðlamarkaði.

„Baugsmálið“ svokallaða sem tengist með beinum hætti fjölmiðlamálinu sem hófst með húsleit í höfuðstöðvum fyrirtækisins eftir að Jón Gerald Sullenberger sakaði Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformann Baugs, og Tryggva Jónsson, forstjóra fyrirtækisins, um auðgunarbrot.<sup>68</sup> Síðar kom í ljós að bandamenn Davíðs höfðu hjálpað Jóni Gerald í undirbúningi kærunnar. Lögmaður Jóns Geralds var Jón Steinar Gunnlaugsson sem fór mikinn í andstöðu sinni við Ólaf Ragnar í forsetaslagnum árið 1996. Guðjón Friðriksson segir yfirtöku Jóns Ásgeirs á Norðurljósum, *Fréttablaðinu* og *DV* árið 2003, auk yfirburðastöðu Baugs í viðskiptalífinu hafa verið álitna „alvarlega ógnun við hið gamla valdakerfi Sjálfstæðisflokksins“ af Davíð og hans fólki. Að mati Guðjóns vó óttinn við hrun valdakerfis sjálfstæðismanna þungt í Baugsmálinu.<sup>69</sup>

Fjölmiðlafrumvarpið kom fyrst fyrir sjónir ríkisstjórnarinnar á fundi hennar í apríl 2004. Að sögn Guðna Ágústssonar, þáverandi varaformanns Framsóknarflokksins, kom það framsóknarmönnum í opna skjöldu þegar þáverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, Davíð Oddsson, kynnti frumvarpið fyrir ríkisstjórninni. Guðni segir Davíð hafa viðurkennt það fyrir sér að tilgangur frumvarpsins hafi verið að bola Baugsmönnum út úr *Stöð 2* (sem var í eigu Norðurljósa). Halldór Ásgrímsson, þáverandi formaður Framsóknarflokksins, lýsti á fundinum yfir efasemdum þess efnis að

<sup>66</sup> [Vef.] „Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands“, lög nr. 33/1944. Alþingi.

<sup>67</sup> [Vef.] „Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum...“, 374. mál, 130. löggjafarþing, þingskjal 1525. Alþingi.

<sup>68</sup> „Yfirheyrslur fóru fram í gær og fyrradag“, *Morgunblaðið*, 30. ágúst 2002, bls. 52.

<sup>69</sup> Guðjón Friðriksson, *Saga af forseta*, bls. 319-321.

frumvarpið stæðist stjórnarskrá.<sup>70</sup> Eftir nokkrar breytingar í meðferð þingsins greiddi einn þingmaður framsóknarmanna atkvæði gegn frumvarpinu og annar sat hjá. Restin af þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna kaus með lögnum en öll stjórnarandstaðan á móti.<sup>71</sup> Frumvarpið var nú í höndum forseta sem aldrei áður hafði synjað lögum staðfestingar.

Samkvæmt Guðjóni Friðrikssyni var allt með kyrrum kjörum á milli forsætisráðherra og forseta á árunum 2001 til 2003. Spennan jókst á milli þeirra eftir að Ólafur tók við skýrslu um fátækt á Íslandi sem Davíð tortrygðði. Davíð veittist að Ólafi þegar hann kvartaði undan formgöllum á hjónavígslu forsetans og Dorritar Moussaieff. 1. febrúar 2004 var haldið upp á hundrað ára afmæli heimastjórnar á Íslandi. Forsætisráðherra hafði ekki haft Ólaf með í skipulagningu hátíðarhaldanna. Án vitneskju og í óþökk Ólafs hafði verið boðað til ríkisráðsfundar. Ólafur sagði Davíð hafa nýtt sér dvöl hans erlendis og boðað til fundarins. Skrifstofa forseta sagði fundarboðið ekki hafa verið í samræmi við hefðir og venjur. Á fundinum var samþykkt reglugerð sem ekki þurfti að vera samþykkt á ríkisráðsfundi.<sup>72</sup>

Svo virðist sem reglugerðin sem samþykkt var á ríkisráðsfundinum hafi aðeins verið yfirvarp til að halda slíkan fund í tilefni heimastjórnarafmælisins. Erfitt er að átta sig á tilgangi fundarins öðrum en þeim að halda ríkisráðsfund sem einhvers konar lið í hátíðarhöldunum. Forsætisráðherra sniðgekk Ólaf við boðun ríkisráðsfundarins sem og við skipulagningu og þátttöku í heimastjórnarafmælinu. Hvorugt var til þess að fallið að koma forsætisráðherra í mjúkinn hjá forseta. Minnugur þess að gengið hafði verið framhjá honum við fundarboð á umræddan fund passaði Ólafur sig sérstaklega á því að vera á landinu þegar þinglegri málsmeðferð fjölmiðlafrumvarpsins var að ljúka.<sup>73</sup>

Í kosningabaráttunni 1996 lýsti Ólafur því yfir að hann hygðist beita synjunarvaldi forseta ef Alþingi myndi ekki láta hugsanlega Evrópusambandsaðild Íslands í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ólafur sagði 26. grein stjórnarskrárinnar vera öryggisákvæði. Hann sagði jafnframt æskilegt að forseti vísaði málum í þjóðaratkvæðagreiðslu væri ósamræmi á milli vilja þingsins og þjóðarinnar. Ólafur rökstuddi þessa skoðun sína

---

<sup>70</sup> Sama heimild, bls. 322.

<sup>71</sup> [Vef.] „Útvarpslög og samkeppnislög“, 974. mál, 130. löggjafarþing, þingskjal 1679, atkvæðagreiðsla. Alþingi.

<sup>72</sup> Guðjón Friðriksson, *Saga af forseta*, bls. 291, 296 og 299-302.

<sup>73</sup> Sama heimild, bls. 328.

þannig að hann taldi fullveldisréttinn vera þjóðarinnar en ekki þingsins. Fullveldismál væru vel til þess fallin að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu að mati Ólafs.<sup>74</sup>

Almannatryggingalögum var breytt í janúar 2001 og var það til umræðu að Ólafur synjaði lagafrumvarpinu staðfestingar. Ólafur lét ekki verða af því en minnti á að forseti gæti samkvæmt stjórnarskrá vísað málum í þjóðaratkvæðagreiðslu.<sup>75</sup> Fjölmíðlalögnum var einnig mótmælt og bærust forseta yfir þrjátíu þúsund undirskriftir þar sem þess var krafist að þjóðin fengi að úrskurða um frumvarpið.<sup>76</sup> Það þurfti því ekki að koma á óvart að Ólafur hafi synjað fjölmíðlalögnum staðfestingar. Hann hafði haldið því til haga, bæði áður og eftir að hann var kjörinn í embættið, að forseti gæti vísað lögum í þjóðaratkvæðagreiðslu, auk þess sem hann fékk áskoranir þess efnis.

Í aðdraganda synjunar fjölmíðlagrafrumvarpsins sagði forsætisráðherra stjórn málafræðinginn Ólaf Ragnar Grímsson vera á öndverðum meiði við forsetann Ólaf Ragnar. Davíð rifjaði þá upp ummæli í kennslubók fyrir framhaldsskóla eftir Ólaf og Þorbjörn Broddason. „Stjórn málafræðingurinn Ólafur Ragnar Grímsson segir árið 1977 í ritgerð sinni að þetta ákvæði sé dauður bókstafur vegna notkunarleysis“ ritaði Davíð en minnti þó á að „stjórn málafræðingurinn Ólafur Ragnar Grímsson hefur á forsetastóli sagt að ákvæðið sé bæði „vakandi“ og „dýrmætt“ þjóðinni“. Að mati forsætisráðherra hefði notkunarleysi synjunarvaldsins á þeim tuttugu og sjö árum sem liðin voru frá ummælum stjórn málafræðingsins átt að hafa styrkt túlkun Davíðs.<sup>77</sup>

Í pistli forsætisráðherra greindi hann frá afstöðu sinni til hugsanlegrar synjunar forsetans, 26. greinar stjórnarskrárinnar og persónulegrar stöðu forsetans í fjölmíðlamálinu. Lögfræðingurinn Davíð túlkaði stjórnarskrána með þeim hætti að forseti hefði í raun ekki synjunarvald en áréttaði að málið vefðist fyrir lögfróðari mönnum en sér. Meginþráður pistils forsætisráðherrans var eins og titillinn gaf til kynna:

---

<sup>74</sup> Sbr. „Málskotsréttur nýttur brytu þeir loforðið“, *Morgunblaðið*, 6. júní 1996, bls. 4.

<sup>75</sup> Sbr. „Yfirlýsing forseta Íslands“, *Morgunblaðið*, 25. janúar 2001, bls. 38-39.

<sup>76</sup> Sbr. Svanur Kristjánsson, „Átök um þjóðhöfðingjavalld og lýðræði“, bls. 285.

<sup>77</sup> Davíð Oddsson, „Um vanhæfi“, *Morgunblaðið*, 17. maí 2004, bls. 22. Ummælin sem Davíð vitnaði til má sjá í: Ólafur Ragnar Grímsson og Þorbjörn Broddason, *Íslenska þjóðfélagið*, bls. 139. Ólafur ritaði kaflann sem Davíð vitnaði til. Um sögulegar rætur 26. greinar stjórnarskrárinnar má lesa í: Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Hverjar eru sögulegar rætur 26. greinar íslensku stjórnarskrárinnar?“, bls. 15-60. Árið 1994 færði fyrrverandi lagaprófessorinn Þór Vilhjálmsson fyrir því rök að forseti hefði ekki synjunarvald. Sjá: Þór Vilhjálmsson, „Synjunarvald forsetans“, bls. 609-636. Túlkun Þórs hélt Davíð Oddsson á lofti í deilunum um synjun forseta í fjölmíðlamálinu. Sbr. Davíð Oddsson, „Um vanhæfi“, *Morgunblaðið*, 17. maí 2004, bls. 22-23. Í tengslum við fjölmíðlamálið átti Þór í deilum við kollega sinn, Sigurð Líndal, um synjunarvaldið. Sjá: Bergsteinn Sigurðsson, „Á öndverðum meiði um málskotsréttinn“, *Fréttablaðið*, 4. júní 2004, bls. 6.

„Um vanhæfi“ Ólafs Ragnars Grímssonar í fjölmiðlamálinu. Hann sagði Baug og fjölmiðla í eigu fyrirtækisins „hafa gríðarleg áhrif á persónulegan hag hans [Ólafs] og stöðu.“<sup>78</sup> Hér vísar Davíð til þess að Sigurður G. Guðjónsson, frændi Ólafs Ragnars, var einnig forstjóri Norðurljósa, fjölmiðlasamsteypu Baugs. Sem lögmaður hafði Sigurður einnig unnið fyrir Ólaf eins og áður hefur komið fram. Málflutningur forsætisráðherra var á þá leið að hann taldi forsetann ekki hafa synjunarvald en ef það væri svo væri Ólafur vanhæfur til að taka á málinu.

Forsætisráðherra sagði fjölmiðla í eigu Baugs hafa kynnt það með „stríðsletri“ að forseti íhugaði að synja fjölmiðlalögunum staðfestingar. Davíð gaf það í skyn að frumkvæðið að umræðu um beitingu synjunarvaldsins væri frá Baugsmönnum. Forsetinn afboðaði komu sína í brúðkaup danska krónprinsins sem fór fram á meðan fjölmiðlamálið stóð sem hæst. Davíð sagði málið með öllu fordæmalaust og gaf lítið fyrir skýringar forsetans um „að afgreiðsla mála í þinginu væri óljós!“<sup>79</sup> Ólafur hafði sent frá sér fréttatilkygningu þar sem fram kom að „[v]egna óvissu um hvenær Alþingi lyki afgreiðslu mikilvægra mála“ gæti hann ekki yfirgefið landið.<sup>80</sup>

Þingmenn Sjálfstæðisflokks virðast hafa talið, eða kosið að líta svo á, að forsetinn hefði ekki heimild til að synja lögum staðfestingar. Þingmenn stjórnarandstöðunnar töldu hins vegar eðlilegt að forsetinn skipti sér af málinu.<sup>81</sup> Gagnrýnin á Ólaf í fjölmiðlamálinu var af tvennum toga. Í fyrsta lagi var því haldið fram, einkum af sjálfstæðismönnum, að forsetinn hefði ekki heimild til að synja lögum staðfestingar. Það féll hins vegar um sjálft sig þegar lögum var synjað. Í öðru lagi héldu gagnrýnendur Ólafs með forsætisráðherra fremstan í flokki því fram að Ólafur væri vanhæfur í málinu og að hann væri að ganga erinda Baugs. Það tengist þeirri hugmynd að frumkvæðið að synjun forsetans hafi átt meintan uppruna hjá fjölmiðlum í eigu Baugs.

### Synjunarvaldinu beitt

„Fjölmiðlarnir eru sá hornsteinn í lýðræðisskipan og menningu okkar Íslendinga að ekki er farsælt að varanlega verði djúp gjá á milli þingvilja og þjóðarvilja. Slíka gjá þarf að brúa.

<sup>78</sup> Davíð Oddsson, „Um vanhæfi“, *Morgunblaðið*, 17. maí 2004, bls. 22-23.

<sup>79</sup> Sama heimild, bls. 22-23.

<sup>80</sup> „Gat ekki yfirgefið landið vegna óvissu um þingstörf“, *Morgunblaðið*, 15. maí 2004, bls. 4.

<sup>81</sup> Sbr. Sigríður D. Auðunsdóttir, „Hefur skipt sér af þingstörfum“ *Fréttablaðið*, 15. maí 2004, bls. 6.

[...] Það verður best gert með því að þjóðin fái í hendur þann rétt sem henni er veittur í stjórnarskrá lýðveldisins og meti lagafrumvarpið í þjóðaratkvæðagreiðslu.“<sup>82</sup> Þannig hljómar brot úr yfirlýsingu Ólafs Ragnars Grímssonar frá 2. júní 2004. Forseti hafði nú í fyrsta sinn synjað lögum staðfestingar. Málið var hins vegar dregið til baka í þinginu og ekkert varð af þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Sigurður Kári Kristjánsson, þáverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins sagði í samtali við *DV* ákvörðun Ólafs vera „stríðsyfirlýsingu“ gagnvart Alþingi og að embætti forseta væri „ekki lengur sameiningartákn fyrir þjóðina“ heldur væri það orðið pólitískt. Sigurður sagði einnig að ekki væri hægt að líta framhjá tengslum forsetans við Baug.<sup>83</sup> Orðræða Sigurðar er í takt við skoðanir Davíðs Oddssonar.

Ásamt því að leita viðbragða Sigurðar Kára tók *DV* púlsinn á fleiri þingmönnum. Formenn stjórnarandstöðuflokkanna lýstu yfir ánægju með ákvörðun forsetans og töluðu um sigur fyrir þjóðina og lýðræðið í landinu. Kristinn H. Gunnarsson, þáverandi þingmaður Framsóknarflokks, sagði lýðræðið hafa styrkst með ákvörðun forsetans en um leið væri um ósigur ríkisstjórnarinnar að ræða. Kristinn sagði synjunina vera í samræmi við þá gjá sem hafði myndast á milli þings og þjóðar. Formaður Framsóknarflokksins sagði ákvörðunina hafa komið honum og ríkisstjórninni í opna skjöldu. Með synjuninni taldi Halldór forsetann vera að gagnrýna ríkisstjórnina og Alþingi.<sup>84</sup> Innan ríkisstjórnarflokkanna var fjölmiðlamálið mun meira kappsmál meðal sjálfstæðismanna en framsóknarmanna.<sup>85</sup> Sigrí lýðræðisins var hrósað of snemma, ekki kom til þess að þjóðin úrskurðaði um málið nema með óbeinum hætti í forsetakosningunum sem fylgdu í kjölfarið.

Guðni Th. Jóhannesson hefur metið forsetatíð Ólafs sem svo að framan af hafi hugmyndin um synjunarvald forseta stöðugt veikst og það staðfests sem „dauður bókstafur“ eftir að hinn vinsæli forseti Vigdís Finnbogadóttir skrifaði undir lög um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu þrátt fyrir háværar áskoranir um að synja lögnum staðfestingar. Guðni hefur einnig sagt að líta megi á 26. grein stjórnarskrárinnar sem

---

<sup>82</sup> [Vef.] Ólafur Ragnar Grímsson, „Yfirlýsing forseta Íslands“ (2. júní 2004).

<sup>83</sup> „Stríðsyfirlýsing við þingið“, *DV*, 3. júní 2004, bls. 9. Fyrir kosningarnar 1996 sagði Sigurður Ólaf aldrei geta orðið sameiningartákn þjóðarinnar. Sjá: Sigurður Kári Kristjánsson, „Sameiningartáknið“ Ólafur Ragnar Grímsson“, *Morgunblaðið*, 27. júní 1996, bls. 54

<sup>84</sup> „Þing kallað saman og lög sett um þjóðaratkvæðagreiðslu“, *DV*, 3. júní 2004, bls. 9.

<sup>85</sup> Sbr. Sigmundur Ernir Rúnarsson, *Guðni af lífi og sál*, bls. 371.

„tímasprengju“ sem sprakk loks í höndum Ólafs, fyrst hin ópólítíska Vigdís hugsaði um að synja lögum staðfestingar væri það vísbending um að synjunarvaldið yrði notað síðar.<sup>86</sup> Hugmyndin um synjunarvaldið var þó til staðar meðal þjóðarinnar. Það staðfesta meðal annars áskoranirnar til Vigdísar og orðræðan um synjunarvaldið.

Á mánaðartímabili áður en fjölmiðlalögum var synjað framkvæmdi Gallup skoðanakönnun þar sem meðal annars var spurt hvort fólk styddi ríkisstjórnina og hvaða flokk fólk kysi í þingkosningum yrði kosið á þeirri stundu. Niðurstaða þeirra sem tóku afstöðu var sú að ríkisstjórnin hafði um 40% stuðning. Um var að ræða mikla dýfu frá mánuðinum á undan. Fylgi ríkisstjórnarinnar á umræddu kjörtímabili (sem hófst sumarið 2003) hafði aldrei mælst minna. Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn var einnig í sögulegu lágmarki. Samkvæmt Gallup mældist flokkurinn í fyrsta sinn í rúman áratug undir 30% fylgi.<sup>87</sup> Fjölmiðlamálið virðist því hafa haft neikvæð áhrif á ríkisstjórnina og fyrst um sinn sérstaklega á Sjálfstæðisflokkinn.

Hins vegar er niðurstaða skoðanakönnunar *Fréttablaðsins* sem unnin var þremur dögum eftir synjun forsetans athyglisverð. Hún gaf til kynna að Sjálfstæðisflokkurinn bætti við sig tæplega 10% fylgi frá síðustu könnun blaðsins sem unnin var tæpum tveimur vikum fyrir synjunina, þá hafði Sjálfstæðisflokkurinn notið um 25% stuðnings. Framsóknarflokkurinn lækkaði í fylgi á milli beggja kannana. Umrædd könnun frá 5. júní lét í ljós um 43% stuðning við ríkisstjórnina.<sup>88</sup>

Samkvæmt skoðanakönnun Gallup studdu um 61% þeirra sem tóku afstöðu ákvörðun Ólafs Ragnars um að synja fjölmiðlalögum staðfestingar.<sup>89</sup> Nokkurn veginn speglun er á stuðningi við ákvörðun forseta og fylginu sem ríkisstjórnin mældist með á dögum fyrir synjunina. Ákvörðun Ólafs naut sum sé um 60% stuðnings og um 40% studdu ríkisstjórnina samkvæmt könnuninni sem unnin var mánuðinn áður en fjölmiðlalögum var synjað. Þó er rétt að gera ráð fyrir að einhverjir hafi stutt ríkisstjórnina og ákvörðun forsetans. Um er að ræða sitt hvora könnunina og ólíkar spurningar þrátt fyrir að fjölmiðlamálið virðist hafa haft bæði áhrif á stuðning við ríkisstjórnina og forsetann.

---

<sup>86</sup> Guðni Th. Jóhannesson, „Bylting á Bessastöðum“, bls. 84-86 og 95-96.

<sup>87</sup> [Vef.] „Þjóðarpúls: Fylgi ríkisstjórnar um 40%“, Vefsafn.is.

<sup>88</sup> Óli Kristján Ármannsson, „Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig fylgi“, *Fréttablaðið*, 8. júní 2004, bls. 4.

<sup>89</sup> [Vef.] „Meirihluti styður ákvörðun forseta Íslands“, Vefsafn.is.



Af þeim sem tóku afstöðu til skoðanakönnunar *Fréttablaðsins* sem unnin var í kjölfar synjunarinnar sögðust um 80% hlynnt því að forseti hefði málskotsrétt. Í sömu könnun sögðust um 62% aðspurðra vera sammála ákvörðun forsetans og um 30% voru á andvíg synjuninni. Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðiprófessor túlkaði niðurstöðu skoðanakönnunarinnar sem svo að skýr vilji væri fyrir því meðal meirihluta þjóðarinnar að forseti hefði synjunarvald. Athyglisvert sagði hann hve stór hluti þjóðarinnar væri sammála ákvörðun forsetans.<sup>90</sup>

Að frátöldum stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokks studdi meirihluti stuðningsmanna hinna flokkanna á þingi ákvörðun Ólafs. Stuðningur við synjun forsetans eftir mismunandi hópum:

	Styðja synjunina	Hvorki né	Styðja ekki synjunina
<b>Kyn</b>			
Karl	57,0%	5,0%	38,0%
Kona	65,0%	10,0%	25,0%
<b>Menntun</b>			
Grunnskólapróf	65,0%	10,0%	26,0%
Grunnskólapróf eða viðbótarnám	64,0%	6,0%	31,0%
Framhaldsskólapróf	61,0%	9,0%	31,0%
Háskólapróf	54,0%	6,0%	40,0%
<b>Stuðningur við stjórnmálaflokka</b>			
Framsóknarflokkurinn	51,0%	9,0%	40,0%
Sjálfstæðisflokkurinn	15,0%	6,0%	78,0%
Samfylkingin	92,0%	3,0%	6,0%
Vinstri hreyfingin-grænt framboð	83,0%	7,0%	11,0%

91

Sé afstaða fólks til ákvörðunar forseta um synjun fjölmiðlalaganna borin saman við stuðningshópa Ólafs frá því hann var kjörinn forseti árið 1996 kemur í ljós að einhverjar sviptingar áttu sér stað. Í báðum tilfellum naut Ólafur stuðnings mikils meirihluta stuðningsmanna vinstri flokkanna (Samfylkingar og Vinstri grænna árið 2004 og Alþýðubandalags og Alþýðuflokks árið 1996). Stuðningur fylgisfólks vinstri flokkanna við ákvörðun Ólafs 2004 var talsvert meiri en hann var við Ólaf í forsetakosningunum árið 1996. Hlutfall sjálfstæðismanna sem kusu Ólaf árið 1996 var svipað og stuðningur sjálfstæðismanna við synjun fjölmiðlalaganna.

<sup>90</sup> Sjá: Helga Tryggvadóttir og Óli Kristján Ármannsson, „Mikill meirihluti vill málskotsrétt forseta“, *Fréttablaðið*, 7. júní 2004, bls. 4.

<sup>91</sup> [Vef.] „Meirihluti styður ákvörðun forseta Íslands“, Vefsafn.is.

Við samanburð á stuðningi við forsetaframbjóðanda og ákvörðun forseta í ákveðnu máli skal halda því til haga að mikill munur er á dæmunum sem borin eru saman. Í forsetakosningum taka kjósendur yfirleitt afstöðu til frambjóðenda út frá mörgum hliðum. Skoðanakönnunin sem vitnað er til á töflunni að framan varðar aðeins eina embættisfærslu forsetans.

Ólíkt því sem gerðist í forsetakosningunum árið 1996 studdu fleiri konur en karlar ákvörðun Ólafs í fjölmiðlamálinu. Minna menntaðir studdu frekar synjunina en meira menntaðir, það sama átti við þegar Ólafur var fyrst kjörinn forseti. Þá hafði hann mikinn stuðning á bakvið sig við synjun fjölmiðlalaganna, um helmingi hærra hlutfall en hafði kosið hann átta árum áður.

Þegar Ólafur hafði synjað fjölmiðlalögunum staðfestingar og útlit var fyrir að málið færi í dóm þjóðarinnar kannaði Gallup hvort kjósendur hygðust greiða atkvæði með eða á móti lögunum. Um 60% sögðust ætla að kjósa gegn fjölmiðlalögunum. Líkt og með synjun Ólafs voru konur líklegri til þess að kjósa gegn lögunum en karlar. Tveir þriðju þeirra sem sögðust styðja Sjálfstæðisflokkinn sögðust mundu greiða atkvæði með lögunum. Minnihluti stuðningsfólks Framsóknarflokksins (um 36%) hugðist samþykkja lögin.<sup>92</sup> Afstaða fólks til lagasynjunar forseta rímaði vel við hvernig fólk hugðist ráðstafa atkvæði sínu í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem aldrei varð. Líklegt má telja að þeir sem studdu ákvörðun Ólafs hafi hugsað sér að greiða atkvæði á móti frumvarpinu og öfugt.

### **Ólafur gegn auðum**

Auk Ólafs Ragnars Grímssonar voru þeir Baldur Ágústsson og Ástþór Magnússon í forsetaframboði sumarið 2004. Ólafur hlaut 67,5% greiddra atkvæða. Baldur hlaut 9,9% og Ástþór 1,5%. Ólafur naut yfirburðafylgis í öllum kjördæmum. Mestur var stuðningurinn í Norðvesturkjördæmi en minnstur í Suðurkjördæmi.<sup>93</sup> Hvorki fyrr né síðar hefur annar eins fjöldi kjósenda skilað auðu í kosningum á Íslandi. Hlutfall auðra kjörseðla var 20,6%.<sup>94</sup> Kjörsókn var einnig sú minnsta í forsetakosningum á Íslandi; 62,9%.<sup>95</sup> Óhætt er fullyrða að kosningarnar hafi að einhverju leyti snúist um

<sup>92</sup> [Vef.] „Afstaða til fjölmiðlalaga og þjóðaratkvæðagreiðslu“, Vefsafn.is.

<sup>93</sup> *Landshagir 2004*, Hagskýrslur Íslands IV, 97, bls. 336 og 341.

<sup>94</sup> [Vef.] „Auðir seðlar og ógildir í kosningum 1908-2013“, Hagstofa Íslands.

<sup>95</sup> [Vef.] „Kosningaþátttaka við forsetakjör 1952-2012“, Hagstofa Íslands.

fjölmiðlamálið. Í forsetakosningunum fékk Ólafur meiri stuðning en við synjun fjölmiðlamálsins.

Samkvæmt skoðanakönnun *Fréttablaðsins* naut Ólafur meiri stuðnings í dreifbýli en þéttbýli. Einnig voru konur ef eitthvað var örlítið líklegri til að kjósa Ólaf en karlar. Um 66% karla sögðust ætla að kjósa Ólaf og um 69% kvenna.<sup>96</sup> Það er í andstöðu við það sem gerðist í forsetakosningunum árið 1996 þar sem Ólafur var mun vinsælli meðal karla. Meiri stuðningur kvenna en karla við Ólaf í forsetakosningunum árið 2004 er í samræmi við viðbrögð kynjanna við lagasynjun forsetans nokkrum vikum áður.

Svanur Kristjánsson segir að Ólafi hafi tekist að verða „forseti fólksins“ með því að endurnýja umboð sitt í forsetakosningunum árið 2004 í kjölfar fjölmiðlamálsins. Að mati Svans hafði Ólafur „unnið afgerandi sigur í baráttunni um málskotsrétt forsetans og tekist að hnekkja kenningunni um alvald Alþingis og ríkisstjórnar – og var orðinn í þeim skilningi forseti fólksins.“<sup>97</sup> Túlka má orð Svans þannig að Ólafur hafi orðið forseti fólksins með þeim hætti að fólkið væri mótvægi við Alþingi í gegnum forsetann. Forsetinn steig fram sem umboðsmaður þjóðarinnar eða þjóðarviljans. Í einhverjum skilningi má segja Ólaf hafa orðið „forseta fólksins“ en forseti allra var hann ekki. Áfram var hann umdeildur, um það vitna meðal annars fjöldi auðra atkvæðaseðla.

Í leiðara *Morgunblaðsins* tveimur dögum eftir kosningarnar var niðurstaðan sögð „alvarlegt áfall fyrir Ólaf“. Um tuttugu og átta þúsund voru sögð hafa mætt á kjörstað til að láta í ljós óánægju sína með störf forsetans með því að skila auðu. Að hluta til mætti túlka dræma kjörsókn sem andúð við Ólaf, það sama mætti segja um atkvæði greidd Baldri.<sup>98</sup>

Hið „alvarlega áfall“ var þó ekki alvarlegra en svo að forsetinn hlaut rúmlega helmingi meira fylgi en árið 1996. Fjöldi auðra atkvæðaseðla vitnar þó til um óánægju þeirra kjósenda sem ráðstöfuðu atkvæði sínu þannig. Í leiðaranum er gefið í skyn að hluti af fylgi Baldurs hafi verið óánægjufylgi í garð Ólafs hvort sem það hafi verið raunin eða ekki. Hins vegar er það ljóst að Ólafur keppti ekki við sterka andstæðinga. Hluti af ástæðunni fyrir Íslandsmeti í auðum atkvæðum er að Ólafur glímdi við veika mótframbjóðendur. Hefði Ólafur glímt við öflugan mótframbjóðanda, jafnvel af hægri

<sup>96</sup> Óli Kristján Ármannsson, „Fimmtungur skilar auðu á laugardaginn“, *Fréttablaðið*, 23. júní 2004, bls. 4.

<sup>97</sup> Svanur Kristjánsson, „Forseti fólksins verður guðfaðir útrásarinnar“, bls. 15 og 21.

<sup>98</sup> „Úrslit forsetakosninganna“, *Morgunblaðið*, 28. júní 2004, bls. 20.

væng stjórnmalanna, sem hefði sótt fylgi á kostnað auðu atkvæðanna, má spyrja hvort fylgi þess frambjóðanda hefði verið túlkað sem óánægjufylgi í garð Ólafs? Gera skal þó ráð fyrir því að ef annar sterkur kandídat hefði verið í framboði hefði sá hinn sami sótt eitthvert fylgi til þeirra sem greiddu Ólafi og öðrum frambjóðendum atkvæði sitt sem og til þeirra sem skiluðu auðu. Einhverjir hafa eflaust kosið Ólaf sem skásta kostinn. Óánægja með Ólaf getur ekki eingöngu útskýrt fjölda auðra atkvæðaseðla heldur þarf einnig að taka mið af úrvali frambjóðenda.

Sú staðreynd að um áttatíu þúsund atkvæðisbærra manna hafi annað hvort ekki mætt á kjörstað eða skilað auðu má ekki túlka sem andstöðu í garð Ólafs þrátt fyrir að eflaust hafi einhverjir í þeim hópi verið að láta óánægju sína með forsetann í ljós. Kosningarnar voru óspennandi. Enginn vafi var á því hver myndi standa uppi sem forseti.<sup>99</sup> Helsti andstæðingur Ólafs voru auð atkvæði.

Fjöldi auðra atkvæðaseðla og dræm kjörsókn gaf andstæðingum Ólafs færi á að nefna að Ólafur hefði aðeins hlotið 42,5% stuðning kosningabærra manna, það var til dæmis gert í leiðara *Morgunblaðsins*. Að sama skapi benti Ólafur á að hann hefði fengið 85% gildra atkvæða.<sup>100</sup> Slík talnaleikfimi er fráleit í hvora áttina sem er. Að vísu má færa rök fyrir því að Ólafur hafi fengið 85% „gildra“ atkvæða þar sem auð atkvæði eru skilgreind ógild í kosningalögum. Það dylst hins vegar engum að Íslandsmet í auðum atkvæðaseðlum lét í ljós óánægju með þá frambjóðendum sem voru í boði. Aftur á móti er það nær útilokað að fjölmiðlamálið hafi haft einhver áhrif á það hvort Ólafur yrði kjörinn forseti. Framboðsfrestur var runninn út þegar kom að synjuninni og aðeins veikir kostir í boði gegn Ólafi.<sup>101</sup>

Ólafur sagðist „djúpt snortinn“ eftir kosningarnar. Hann sagði stuðninginn hafa komið sér á óvart, jafnvel þó auðir seðlar væru taldir með. Um andstöðuna við sig sagði hann:

Ákveðin öfl úr ákveðnu pólitísku litrófi hafa beitt sér mjög gegn mér og hvatt fólk til að skila auðu. *Morgunblaðið* hefur farið þar fremst í flokki eins og forsíða blaðsins í dag [kjördag, 26. júní 2004] ber með sér og það hefur verið með látlausan áróður gegn mér bæði í leiðurum

<sup>99</sup> Um það vitnar t.d. skoðanakönnun *Fréttablaðsins*. Niðurstaða hennar var kunngjörð þremur dögum fyrir kjördag. Ólafur mældist með um 72% fylgi, á eftir honum kom Baldur Ágústsson með um 6% stuðning. 20,6% sögðust ætla að skila auðu sem og varð raunin í kosningunum. Óli Kristján Ármannsson, „Fimmtungur skilar auðu á laugardaginn“, *Fréttablaðið*, 23. júní 2004, bls. 4. Gögn um kjörsókn má sjá í: *Landshagir 2004*, Hagskýrslur Íslands IV, 97, bls. 336 og 341.

<sup>100</sup> „Úrslit forsetakosninganna“, *Morgunblaðið*, 28. júní 2004, bls. 20.

<sup>101</sup> Framboðsfrestur rann út 21. maí 2004. [Vef.] „Auglýsing um framboð og kjör forseta Íslands“, Innanríkisráðuneytið.

og greinum. Hlutfall auðra seðla í þessum kosningum er lítil uppskera miðað við það sem á undan hefur gengið og miðað við stærstu stjórnmálaflokka landsins.<sup>102</sup>

Fyrir kosningarnar hélt Hannes Hólmsteinn Gissurarson, harður andstæðingur Ólafs, því fram að Ólafur yrði að njóta í hið minnsta jafn mikils stuðnings og Vigdís Finnbogadóttir í forsetakosningunum árið 1988. Ef það tækist ekki væri um að ræða vantraustsyfirlýsingu í garð forsetans sem sameiningartákns. Um skoðanakönnun Gallup þar sem spáð var fyrir um að Ólafur hlyti tæplega 72% greiddra atkvæða sagði Hannes að forsetinn gæti vel við unað ef það yrði niðurstaðan frá því sjónarhorni að Ólafur hefði á síðustu vikunum fyrir kosningarnar gert embættið pólitískt.<sup>103</sup> Að kosningunum loknum sagði Hannes aðalatriði kosningaúrslitanna vera að Ólafur hefði minnihluta kosningabærra manna á bakvið sig og væri því „ekki forseti þjóðarinnar, heldur forseti vinstri manna.“<sup>104</sup>

Gunnar Smári Egilsson, þáverandi ritstjóri *Fréttablaðsins*, taldi niðurstöðu kosninganna vera sigur fyrir Ólaf sem fékk þrefalt fleiri atkvæði en sá kostur sem *Morgunblaðið* og sjálfstæðismenn hafi talað fyrir; að skila auðu. Nú sagði hann ekki vera hægt að keppa við árangur Vigdísar frá 1988. Fortíðar sinnar vegna væri óraunhæft fyrir Ólaf að ná viðlíka vinsældum og Vigdís. Við samanburð á þessum tveimur forsetakosningum sagði Gunnar Smári að taka yrði tillit til hinnar öfluglu andstöðu við Ólaf sem birtist í *Morgunblaðinu* og meðal sjálfstæðismanna.<sup>105</sup> Eins og Gunnar Smári vitnar til um var ekki aðeins fjallað um *Fréttablaðið* og aðra miðla í eigu Baugs sem bakhjarla Ólafs. Einnig var umræða um andstöðu annars stórs fjölmiðils, *Morgunblaðsins*, gegn Ólafi.

Með synjun fjölmiðlalaganna tók Ólafur umdeilda ákvörðun sem meirihluti þjóðarinnar studdi. Krafan um yfir 90% stuðning við Ólaf til að vera ekki vantreyst sem sameiningartákni þjóðarinnar er vafasöm. Hins vegar var ekkert fordæmi fyrir framboði

---

<sup>102</sup> Bergsteinn Sigurðsson, „Hrærður yfir stuðningnum“, *Fréttablaðið*, 27. júní 2004, bls. 2. Sjá umrædda forsíðu *Morgunblaðsins*: „Auð atkvæði verða birt sérstaklega í fyrsta sinn“, *Morgunblaðið*, 26. júní 2004, bls. 1.

<sup>103</sup> Bergsteinn Sigurðsson, „Afstaðan í auðu seðlunum“, *Fréttablaðið*, 18. júní 2004, bls. 6. Í forsetakosningunum 1988 hlaut Vigdís Finnbogadóttir tæplega 95% gilda atkvæða. [Vef.] „Úrslit forsetakjörs eftir frambjóðendum og kjördæmum 1952-1996“, Hagstofa Íslands.

<sup>104</sup> „Ekki forseti þjóðarinnar“, *Fréttablaðið*, 27. júní 2004, bls. 2.

<sup>105</sup> Gunnar Smári Egilsson, „Sigur fyrir Ólaf Ragnar“, *Fréttablaðið*, 27. júní 2004, bls. 10. Fyrir kosningarnar hafði Gunnar sagt Ólaf keppa við árangur Vigdísar frá 1988 frekar en nokkuð annað. Gunnar Smári Egilsson, „Ólafur keppir við árangur Vigdísar“, *Fréttablaðið*, 19. júní 2004, bls. 10.

gegn sitjandi forseta að frátöldum hinum einstaklega óspennandi forsetakosningum árið 1988. Umhugsunarvert er hvort það hefði veikt stöðu Ólafs hefði hann ekki synjað lögnum staðfestingar. Eins og fjallað var um í fyrsta kafla var þess jafnvel síður vænst af Ólafi að vera sameiningartákn. Umræða um forsetann sem sameiningartákn er einkennileg í því ljósi að kosningakerfið á Íslandi er ekki til þess fallið að stuðla að því að forseti verði slíkt tákn. Einungis þarf að fá flest atkvæði í einfaldri umferð til að verða forseti. Að Kristjáni Eldjárn frátöldum hefur engum tekist að ná meirihluta í forsetakosningum í frumraun sinni í forsetaframboði.<sup>106</sup>

Forsetakosningarnar 2004 fóru fram í skugga fjölmiðlamálsins. Áhersla fjölmiðla og skoðanakannana var mun meiri á fjölmiðlamálið en kosningarnar. Samanburður varðandi breytingar á fylgisgrundvelli forstans er erfiðari fyrir vikið. Ekki er að finna eins ítarlegar og margar skoðanakannanir varðandi forsetakosningarnar árið 2004 en hvað varðar kosningarnar átta árum áður. Andstaðan við Ólaf í aðdraganda endurkjörs hans var fyrst og fremst frá sjálfstæðismönnum. Tekist var á um hvernig ætti að greina niðurstöðu forsetakosninganna og þær túlkaðar allt milli þess að vera stórsigur Ólafs yfir í að vera gríðarleg vantraustsyfirlýsing. Gagnrýnin í forsetaslagnum sjálfum var einkum á þá leið að Ólafur gæti ekki verið sameiningartákn eða forseti allrar þjóðarinnar. Þrátt fyrir meintan ósigur Ólafs að sumra mati er það staðreynd að frá stofnun embættis forseta Íslands hefur forsetaframbjóðandi einu sinni fengið hærra hlutfall atkvæða en Ólafur fékk árið 2004, það var Vigdís árið 1988.

Synjun fjölmiðlalaganna skapaði fordæmi fyrir embættið. Lagasynjanir í Icesave-málinu árin 2010 og 2011 áttu eftir að hafa mikil áhrif á pólitískt bakland forsetans. Þær synjanir ásamt síðasta endurkjöri Ólafs eru til skoðunar í næsta kafla.

---

<sup>106</sup> [Vef.] „Úrslit forsetakjörs eftir frambjóðendum og kjördæmum 1952-1996“, Hagstofa Íslands. Kristján hlaut 65,6% gildra atkvæða. Sama heimild.

### 3. Baklandið breytist

#### Útrásin og fylgissveiflur

Vinsældir forsetans urðu gríðarlegar á þriðja kjörtímabili hans. Samkvæmt Þjóðarpúls Gallup frá febrúar 2008 sögðust 86% þeirra sem tóku afstöðu styðja Ólaf til endurkjörs um sumarið. Aðeins 10% sögðust vilja annan forseta.<sup>107</sup> Ólafur virtist óhaggandi og enginn bauð sig fram gegn honum. Eins og fjallað var um í öðrum kafla var gagnrýnin á Ólaf kringum forsetakosningarnar 2004 á þá leið að hann gæti ekki talist forseti allrar þjóðarinnar eða verið sameiningartákn hennar. Þjóðarpúlsinn gefur hins vegar til kynna að Ólafi hafi tekist að svara þeim gagnrýnisröddum á kjörtímabilinu og tekist að verða forseti sem nær öll þjóðin sameinaðist um.

Í kjölfar hrunsins haustið 2008 varð stuðningur við forsetann talsvert minni. Traust til kjörinna fulltrúa dvínaði almennt eftir hrún. Samkvæmt skoðanakönnun MMR frá desember 2008 á trausti til valinna einstaklinga úr stjórnmalunum og þjóðlífinu sögðust um 44% þeirra sem tóku afstöðu bera frekar eða mjög mikið traust til Ólafs. Af þeim rúmlega tuttugu einstaklingum sem könnunin tók til var það aðeins Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félagsmálaráðherra og síðar forsætisráðherra, sem fólk treysti betur en forsetanum. Jóhanna naut þó mun meiri stuðnings en Ólafur á þessum tíma, til að mynda naut hún trausts um 64% sjálfstæðismanna.<sup>108</sup>

Í umræddri könnun var traust til áhrifafólks einnig kannað með tilliti til stuðnings við stjórnmalaflokka. Ólafur naut mikils eða frekar mikils trausts um 60% stuðningsfólks Samfylkingar sem þá sat í ríkisstjórn. Meðal stuðningsfólks hins ríkisstjórnarflokksins, Sjálfstæðisflokks, mældist frekar eða mjög mikið traust um 28% og um 52% meðal stuðningsfólks Vinstri grænna.<sup>109</sup> Á þessum tímamarki var haldið í það mynstur að Ólafur væri vinsæll á meðal stuðningsfólks þess flokks sem var með Sjálfstæðisflokknum í ríkisstjórn.

---

<sup>107</sup> [Vef.] „Þjóðarpúls Gallup“, Capacent Gallup.

<sup>108</sup> [Vef.] „Jóhanna Sigurðardóttir nýtur mikils trausts hjá flestum“, MMR. Landslagið átti mikið eftir að breytast. Til dæmis má benda á að Jóhanna Sigurðardóttir mældist með frekar eða mjög mikið traust frá 0,5% sjálfstæðismanna í febrúar 2012. Sjá: [Vef.] „Traust til Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, heldur áfram að aukast“, MMR.

<sup>109</sup> [Vef.] „Jóhanna Sigurðardóttir nýtur mikils trausts hjá flestum“, MMR. Niðurstöður könnunarinnar taka aðeins mið af þremur stjórnmalaflokkum varðandi það hvaðan umrætt fólk hafði traust. Ekki er fjallað um framsóknarmenn í þessu sambandi. Það er sérstaklega ábótavant því líkt og fjallað hefur verið um átti Ólafur töluverðan stuðning meðal þeirra.

Fylgisyfningun forsetans helst í hendur við þá gagnrýni sem hann varð fyrir eftir hrúnið vegna stuðnings hans við útrás íslenskra fyrirtækja. Einn af gagnrýnendunum er Svanur Kristjánsson sem hefur sagt að á fyrstu tveimur kjörtímabilum Ólafs hafi hann starfað í samræmi við sáttmálann um Lýðveldið Ísland. Breytingu segir hann hafa orðið á þriðja kjörtímabili Ólafs þegar hann gerðist meðal annars „guðfaðir útrásarinnar“ og leiðtogi andstæðinga Evrópusambandsins. Að mati Svans valdi forsetinn að fara „leið áttakafúsrar þjóðernishyggju“. Einhliða útilokaði hann Evrópusambandsaðild Íslands en beitti embættinu þess í stað af alefli í útrásinni að sögn Svans.<sup>110</sup>

Ekki verður um það deilt að Ólafur greiddi götu margra íslenskra fyrirtækja á árunum fyrir hrún.<sup>111</sup> Í október 2002 fór Ólafur í sína fyrstu „vinnuferð“ erlendis sem helguð var einu fyrirtæki. Ferðin var í boði Björgólfs Guðmundsonar og sonar hans. Enginn íslenskur ráðherra var með í för.<sup>112</sup> Það er kaldhæðinslegt í ljósi þess að fáir börðust jafn kröftuglega gegn Ólafi og Björgólfur í fyrsta forsetaframboði Ólafs.

Í nýársávarpi sínu árið 2009 kvaðst Ólafur hafa gengið of langt í stuðningi sínum við starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja á erlendri grundu. Forsetinn sagði Íslendinga hafa beðið meira tjón en flestir vegna hrunsins en var þó bjartsýnn, mælti fyrir samstöðu og þeim tækifærum sem hann taldi felast í auðlindum Íslands og þjóðinni. Til að nýta tækifærin þyrfti „að ná samstöðu um endurgerð þjóðfélagsins“, nýjan sáttmála,<sup>113</sup> með öðrum orðum nýja stjórnarskrá.

Í apríl 2010 kom út skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008. Í viðauka skýrslunnar um siðferði og starfshætti í tengslum við fall bankanna er meðal annars fjallað um þátt Ólafs hrúnu. Forsetinn hlaut þar harða gagnrýni fyrir framgang sinn í útrásinni. Hann var sagður hafa beitt sér „af krafti við að draga upp fegraða, drambsama og þjóðerniskenna mynd af yfirburðum Íslendinga sem byggðist á fornum arfi.“ Hann var gagnrýndur fyrir að lofa útrásina í

---

<sup>110</sup> Svanur Kristjánsson, „Forseti fólksins verður guðfaðir útrásarinnar“, bls. 46-48.

<sup>111</sup> Sjá t.d.: Guðjón Friðriksson, *Saga af forseta*, bls. 391-481.

<sup>112</sup> Sama heimild, bls. 419-420.

<sup>113</sup> [Vef.] Ólafur Ragnar Grímsson, „Nýársávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar 1. janúar 2009“. Í grein sinni um forsetatíð Ólafs frá 2008-2012 rekur Svanur Kristjánsson hvernig Ólafur lagði ekki aftur áherslu á nýjan samfélagssáttmála. Svanur Kristjánsson, „Hið nýja Ísland eftir hrúnið eða geðþóttavald forseta Íslands?“, bls. 307-359. Einnig má benda á ræðu forsetans við þingsetningu 15. maí 2009, þar mælti hann fyrir styrkleikum núgildandi stjórnarskrár. [Vef.] Ólafur Ragnar Grímsson, „Ræða forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar við setningu Alþingis 15. maí 2009“. Í síðustu þingsetningarræðu Ólafs varaði hann við breytingum á stjórnarskránni. [Vef.] Ólafur Ragnar Grímsson, „Ræða forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar við setningu Alþingis 8. september 2015“.



hvívetna þrátt fyrir gagnrýnisraddir um framgang hennar.<sup>114</sup> Gagnrýni Rannsóknarnefndarinnar á störf Ólafs voru alvarleg tíðindi fyrir hann. Rannsóknarnefndin hafði mikið lögmæti í augum fólks. Samkvæmt könnun Capacent frá apríl 2010 báru um 84% þjóðarinnar mjög eða frekar mikið traust til nefndarinnar, aðeins um 2% sögðust bera lítið traust til hennar.<sup>115</sup>

Eins og bent er á í skýrslu Rannsóknarnefndarinnar eru ekki til reglur um störf, valdmörk eða hvernig samskiptum forsetans skuli háttað. Stjórnskipunarlegt hlutverk forsetans er skilgreint í stjórnarskránni. Allir forsetar Íslandssögunar hafi mótað embættið hver með sínum hætti og hefðir hafa orðið til.<sup>116</sup> Skortur á formfestu í kringum hlutverk og valdsvið forseta Íslands gefur þeim sem gegnir embættinu hverju sinni töluvert svigrúm. Það nýtti Ólafur í sinni forsetatíð en uppskar mikla gagnrýni vegna framgöngu sinnar í útrásinni.

### Upprisan með Icesave

Undir árslok 2009 samþykkti Alþingi lög um ríkisábyrgð vegna Icesave-reikninga Landsbankans. Allir þingmenn stjórnarandstöðunnar (Hreyfingarinnar, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks) greiddu atkvæði gegn lögnum auk tveggja stjórnarliða. Þrjátíu og tveir þingmenn stjórnarflokkanna auk Þráins Bertelssonar, sem þá var utan flokka, samþykktu lögin.<sup>117</sup> Nokkrum dögum síðar ákvað Ólafur að skrifa ekki undir þessi tilteknu lög. Í rökstuðningi sínum nefndi hann að um fjórðungur kosningabærra manna hefði skorað á sig að synja lögnum staðfestingar. Einnig sagði Ólafur skoðanakannanir sýna fram á að mikill meirihluti þjóðarinnar vildi greiða atkvæði um málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Forseta væri ætlað að tryggja þjóðinni þann rétt að vera æðsti dómari um gildi laga.<sup>118</sup>

---

<sup>114</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason, „Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008“, bls. 178. Í skýrslunni er nánar fjallað um hvernig Ólafur gekk of langt í stuðningi við einstök fyrirtæki, t.d. með bréfum til hagsmunaaðila, boðum á Bessastöðum, ferðum erlendis á vegum útrásarfyrirtækja o.fl., bls. 170-178.

<sup>115</sup> [Vef.] „Rannsóknarnefnd nýtur trausts“, Capacent.

<sup>116</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason, „Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008“, bls. 170.

<sup>117</sup> [Vef.] „Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innistæðueigenda og fjárfesta“, 76. mál, 138. löggjafarþing, þingskjal 76, atkvæðagreiðsla. Alþingi. Sjá lögin: [Vef.] „Lög um breytingu á lögum nr. 96/2009...“, lög nr. 1/2010. 76. mál, 138. löggjafarþing, þingskjal 626. Alþingi.

<sup>118</sup> [Vef.] Ólafur Ragnar Grímsson, „Yfirlýsing forseta Íslands“ (5. janúar 2010).

Samkvæmt skoðanakönnun MMR studdu um 56% þeirra sem tóku afstöðu ákvörðun Ólafs um að synja lögnum um Icesave staðfestingar.<sup>119</sup> Þjóðaratkvæðagreiðslan fór fram í mars 2010 og var niðurstaðan afgerandi: 98,1% gildra atkvæða voru gegn lögnum um ríkisábyrgð vegna Icesave.<sup>120</sup> Fyrir umrædda þjóðaratkvæðagreiðslu höfðu viðsemjendur Íslendinga (bresk og hollensk stjórnvöld) lagt fram samningstilboð sem var Íslendingum hagstæðara en sá samningur sem greidd voru atkvæði um í þjóðaratkvæðagreiðslunni.<sup>121</sup> Yfirgnæfandi kosning gegn lögnum kemur því ekki á óvart. Óháð því hvort fólk taldi að íslenska ríkið ætti yfir höfuð að gangast í ábyrgð vegna Icesave-reikninganna eða ekki, þá lá það ljóst fyrir að hagstæðari samningur stóð til boða. Forsetinn steig að þessu sinni fram sem „öryggisventill“. Án synjunar hans hefði betri samningur ekki litið dagsins ljós. Sjálfur sagði Ólafur í kosningabaráttunni árið 2012 lagasynjanir sínar í Icesave-málinu vera ef til vill mestu sameiningaraðgerð sem gerð hefði verið á vegum forsetaembættisins.<sup>122</sup>

Í apríl 2011 fór fram seinni þjóðaratkvæðagreiðslan um ríkisábyrgð vegna Icesave eftir að Ólafur hafði í þriðja sinn synjað lögum staðfestingar. Af gildum atkvæðum voru 59,8% gegn lögnum og 40,2% fylgjandi.<sup>123</sup> Að endingu var Icesave-málið leitt til lykta fyrir EFTA-dómstólnum þar sem íslenska ríkið var sýknað.<sup>124</sup> Rökstuðningur Ólafs fyrir seinni synjun sinni í Icesave-málinu var þrjúþættur. Í fyrsta lagi nefndi hann að breytingartillaga á frumvarpinu þess efnis að málið færi beint í þjóðaratkvæðagreiðslu hefði fengið stuðning tæplega helmingis Alþingis. Í öðru lagi hafði um fimmtungur kosningabærra manna skorað á hann að vísa málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í þriðja lagi bentu skoðanakannanir til þess að vilji meirihluta þjóðarinnar væri að útkljá málið í þjóðaratkvæðagreiðslu.<sup>125</sup>

<sup>119</sup> [Vef.] „56% segjast styðja ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki nýju Icesave lögin“, MMR.

<sup>120</sup> [Vef.] „Úrslit í þjóðaratkvæðagreiðslum 1908-2011“, Hagstofa Íslands.“ Kjörsókn var 62,7%, 5% atkvæðaseðla voru auðir eða ógildir. Sama heimild.

<sup>121</sup> Sbr. Valgeir Örn Ragnarsson, „Þetta kjósa Íslendingar um“, DV, 3. mars 2010, bls. 8.

<sup>122</sup> [Vef.] Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - þriðji hluti“.

<sup>123</sup> [Vef.] „Úrslit í þjóðaratkvæðagreiðslum 1908-2011“, Hagstofa Íslands. Hlutfall auðra og ógildra atkvæðaseðla var 1,4% og var kjörsókn 75,3%. Sama heimild.

<sup>124</sup> [Vef.] Tilskipun 94/19. Mál E-16/11. EFTA-dómstóllinn.

<sup>125</sup> [Vef.] Ólafur Ragnar Grímsson, „Yfirlýsing forseta Íslands“ (20. febrúar 2011). Breytingartillaga þess efnis að málið færi beint í dóm þjóðarinnar var lögð fram sameiginlega af sex þingmönnum. [Vef.] „Breytingartillaga við frv. um l. um heimild til handa fjármálaráðherra...“, 388. mál, 139. löggjafarþing, þingskjal 833. Alþingi. Tillögunni var hafnað. Tuttugu og átta þingmenn stjórnarandstöðunnar auk tveggja þingmanna Vinstri grænna greiddu atkvæði með breytingartillögunni. Aðrir þingmenn Vinstri grænna og allir þingmenn Samfylkingar greiddu atkvæði gegn tillögunni. [Vef.] „Samningar um ábyrgð á

Af þeim sem tóku afstöðu til skoðanakönnunar MMR um synjunina sögðust um 61% styðja ákvörðun forsetans. Athyglisvert er að meirihluti þeirra sem tóku afstöðu til spurninganna sögðust ætla að samþykkja samninginn (57,3% gegn 42,3%).<sup>126</sup> Það er áhugavert út frá tveimur vinklum. Í fyrsta lagi er niðurstaða könnunarinnar nánast spegilmynd af niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Í öðru lagi gefur niðurstaða skoðanakönnunarinnar í skyn að meirihlutavilji væri fyrir því meðal þjóðarinnar að hún sjálf myndi staðfesta samninginn óháð Alþingi. Málið naut mun meiri stuðnings innan þingsins en meðal landsmanna. Á þessum tímapunkti var þó útlit fyrir að samningurinn yrði samþykktur.<sup>127</sup>

Um 78% stuðningsfólks Framsóknarflokks og um 71% sjálfstæðismanna studdu synjun Ólafs samanborið við um 11% stuðning samfylkingarfólks og um 31% stuðningsfólks Vinstri grænna. Af þeim sem sögðust styðja ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna sögðust um 88% ætla að kjósa með lögunum. Aðeins um 3% samfylkingarfólks og um 17% þeirra sem sögðust styðja Vinstri græna hugðust greiða atkvæði gegn lögunum. Um 60% þeirra sem sögðust ekki styðja ríkisstjórnina kváðust ætla að hafna lögunum. Um 63% framsóknarmanna og um 50% sjálfstæðismanna sögðust ætla að kjósa á móti lögunum.<sup>128</sup>

Ólíkt því sem gerðist í fjölmiðlamálinu þar sem aðeins meirihluti stuðningsfólks annars ríkisstjórnarflokksins var á móti lagasynjun forsetans var meirihluti stuðningsfólks beggja ríkisstjórnarflokka á móti seinni Icesave-synjuninni. Engin umpólun átti sér stað hvað varðar stuðning framsóknarmanna við synjanir forsetans frá fjölmiðlamálinu til seinna Icesave-málsins, þrátt fyrir að umtalsvert fleiri úr þeim hópi styddu ákvörðun Ólafs árið 2011 en 2004. Í fjölmiðlamálinu studdu fáir sjálfstæðismenn og nær allt stuðningsfólk Samfylkingarinnar lagasynjun forsetans. Dæmið hafði nú snúist við. Flestir sjálfstæðismenn studdu synjunina en fátt stuðningsfólk Samfylkingar.

---

endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innistæðueigenda til breska og hollenska ríkisins“, 388. mál, 139. löggjafarþing, þingskjal 833, atkvæðagreiðsla. Alþingi.

<sup>126</sup> [Vef.] „60,7% styðja ákvörðun forsetans um að staðfesta ekki nýjustu Icesave lögin“, MMR.

<sup>127</sup> Í þinginu samþykktu 44 lögin, 3 greiddu ekki atkvæði og 16 sögðu nei við frumvarpinu. Enginn þingmaður Hreyfingarinnar né Framsóknarflokks samþykkti frumvarpið. 11 af 15 þingmönnum Sjálfstæðisflokks samþykktu frumvarpið sem og 33 af 35 þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna. [Vef.] „Samningar um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innistæðueigenda til breska og hollenska ríkisins“, 388. mál, 139. löggjafarþing, þingskjal 797, atkvæðagreiðsla. Alþingi. Gögn MMR sína hvernig afstaða fólks snerist frá seinni hluta febrúar fram að kjördegi. [Vef.] „Þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave 9. apríl 2011“, MMR.

<sup>128</sup> [Vef.] „60,7% styðja ákvörðun forsetans um að staðfesta ekki nýjustu Icesave lögin“, MMR.

Kúvendingin á afstöðu stuðningsfólks Vinstri grænna eftir því hvoru megin flokkurinn sat við ríkisstjórnarborðið var einnig í samræmi við það sem gerðist hjá stuðningsfólki Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Flokkadrættir og staða flokka í þinginu (í stjórn eða stjórnarandstöðu) hefur eflaust haft mest að segja um afstöðu fólks til lagasynjananna.

Í mars 2011 hafði traust til forsetans aukist og var hann sá kjörni fulltrúi sem flestir báru mikið eða frekar mikið traust til (um 42%). Viðhorf til Ólafs var betra en til nokkurs annars kjörins fulltrúa.<sup>129</sup> Í byrjun mars 2011 sögðust um 50% þeirra sem svöruðu könnun MMR vera frekar eða mjög ánægð með störf forsetans. Um það bil þrjú af hverjum fjórum framsóknarmönnum sögðust ánægðir með forsetann en aðeins um 9% óánægð. Álíka hlutfall stuðningsfólks Vinstri grænna var ánægt (um 39%) með Ólaf og var óánægt (um 37%). Hlutfall ánægðra sjálfstæðismanna með störf forsetans mældist um 54% og um 24% meðal stuðningsfólks Samfylkingar. Óánægja samfylkingarfólks mældist um 48% og um 17% hjá sjálfstæðismönnum. Af þeim sem sögðust styðja ríkisstjórnina voru um 33% ánægð með störf Ólafs og um 40% óánægð. Meðal þeirra sem sögðust ekki styðja ríkisstjórnina mældist ánægjan með forsetann um 58% en óánægjan um 13%.<sup>130</sup> Eftir mikla lægð í kjölfar hrunsins jókst aftur stuðningurinn við Ólaf sem sótti fylgið að mestu leyti í aðrar áttir en áður. Með ferska vinda í seglum varð hann vinsæll meðal stjórnarandstæðinga.

Talsverður munur var á ánægju með Ólaf eftir aldri kjósenda. Í aldurshópnum 18-29 ára mældist ánægjan mest, um 59%. Minnst var hún í hópnum 50-67 ára, um 40%. Í aldurshópnum þar í milli mældist ánægjan um 51%. Ánægja með forsetann mældist meiri á landsbyggðinni (um 54%) en á höfuðborgarsvæðinu (um 48%). Með hliðsjón af tekjum voru þeir einstaklingar með lægstu tekjurnar líklegastir til að vera ánægðir með störf Ólafs (um 58%). Einstaklingar í hópi tekjuhæstu heimilanna voru næstlíklegastir til að vera ánægðir með störf Ólafs (um 54%), meðal sama hóps mældist einnig mest óánægja með hann (um 23%).<sup>131</sup> Eins og fjallað var um í fyrsta kafla var Ólafur áður vinsælli meðal eldra fólks en yngra. Það hafði nú snúist við. Hlutfallslegur stuðningur við Ólaf var sem fyrr meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu en munurinn hafði þó minnkað. Líkt og áður var forsetinn vinsæll meðal tekjulágra en naut töluverðs

---

<sup>129</sup> [Vef.] „Traust til Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, eykst verulega“, MMR.

<sup>130</sup> [Vef.] „Helmungur segist ánægður með störf Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands“, MMR.

<sup>131</sup> Sama heimild.

stuðnings tekjuhæsta hópsins, í þeim hópi var aftur á móti einnig mest óánægja með Ólaf.

Í fjölmiðlamálinu árið 2004 hafði Jóhanna Sigurðardóttir verið hlynnt synjun forsetans.<sup>132</sup> Davíð Oddsson hefur sagt Ólaf hafa tekið réttar ákvarðanir í Icesave-málinu en ákvörðun hans í fjölmiðlamálinu hafi verið „glappaskot“.<sup>133</sup> Báðir fyrrverandi forsætisráðherrarnir voru hrifnir af lagasynjunum Ólafs þegar þeir sátu ekki á valdastóli (Jóhanna í stjórnarandstöðu 2004 og Davíð utan þings 2010 og 2011). Á meðan þau sátu á valdastólum mislíkaði þeim lagasynjanir forsetans. Það sama má segja um stuðningsfólk flokka Jóhönnu og Davíðs.

Traust til forsetans jókst frá árinu 2009. Í febrúar 2012 kannaði MMR traust til forsetans sem var sem fyrr sá einstaklingur sem mest var treyst og minnst vantreyst. Um 50% sögðust bera mjög mikið eða frekar mikið traust til forsetans. Lítið eða frekar lítið traust mældist um 29%. Ólafur naut frekar eða mjög mikils trausts um 66% þeirra sem sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og um 63% framsóknarmanna. Mikið eða frekar mikið traust frá þeim sem þá studdu ríkisstjórnarflokkana mældist um 23% hjá stuðningsfólki hvors flokks.<sup>134</sup> Fyrir síðustu kosningabaráttu sína var Ólafur orðinn frambjóðandi sem höfðaði til stjórnarandstæðinga.

Svanur Kristjánsson segir forsetatíð Ólafs Ragnars hafi einkennst af þversögnum. Taka má undir þau orð. Þversagnirnar áttu sér stað á fjórða kjörtímabilinu og tóku á sig sína skýrustu mynd í kosningunum árið 2012. Svanur bendir á að þau öfl sem harðast brugðust við lagasynjun Ólafs árið 2004 hafi skipað sér í lið með Ólafi í Icesave-málinu. Ólafur gekk í gegnum nokkurn öldudal á árunum 2008 til 2012 en eftir seinni synjun hans í Icesave-málinu tókst honum að njóta aftur lýðhylli. Í kjölfarið hafi stjórn málin farið aftur í „fyrri farveg heiftarlegra átaka.“ Í þeim hafi Ólafur notið sín vel.<sup>135</sup> Átök settu sterkan svip á forsetatíð Ólafs. Vorið 2012 hófst hörð kosningabarátta.

---

<sup>132</sup> Sbr. Jóhanna Sigurðardóttir, „Halldór, Davíð og þingræðið“, *Morgunblaðið* 8. júní 2004, bls. 26-27. Jóhanna talaði þó fyrir því að þjóðin ætti að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að þurfa að reiða sig á forsetann. Sbr. Jóhanna Sigurðardóttir, „Þjóðaratkvæðagreiðsla“, *Morgunblaðið* 25. maí 2004, bls. 27. Í miðju Icesave-málinu talaði Jóhanna fyrir því að synjunarvald forseta yrði afnumið. Hennar ósk var að tiltekinn hluti þjóðarinnar gæti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Hugmyndin um afnám málskotsréttar var umdeild innan Samfylkingarinnar. Sbr. [Vef.] Jón Hákon Halldórsson, „Össur ósammála Jóhönnu um málskotsréttinn“. Jóhanna var því nokkuð samkvæm sjálfri sér í stjórn og stjórnarandsöðu að því leyti að hún talaði í báðum málum fyrir því að kjósendur ættu að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu.

<sup>133</sup> [Vef.] Páll Magnússon, „Sprengisandur: Davíð býður sig fram til forseta“.

<sup>134</sup> [Vef.] „Traust til Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, heldur áfram að aukast“, MMR.

<sup>135</sup> Svanur Kristjánsson, „Hið nýja Ísland eftir hrunið eða geðþóttavald forseta Íslands?“, bls. 347-349.

## Forseti gegn ríkisstjórn

Í nýársávarpi Ólafs árið 2012 var engu líkara en að forsetinn væri að tilkynna að hann væri að ljúka sínu síðasta kjörtímabili.<sup>136</sup> Landslagið átti hins vegar eftir að breytast og í byrjun mars tilkynnti Ólafur að vegna áskorana og ríks vilja fólks myndi hann gefa kost á sér til endurkjörs um sumarið.<sup>137</sup> Ólafur segir að höfðað hafi verið til sín meðal annars vegna „vaxandi óvissu varðandi stjórnskipan landsins.“ Auk þess bað Ólafur um að þjóðin sýndi því skilning ef hann myndi segja af sér sem forseti áður en kjörtímabilinu lyki þegar stöðugleiki hefði náðst.<sup>138</sup>

Líkt og með forsetaframboði Ólafs árið 1996 varð til hópur sem hafði það markmið að halda Ólafi frá Bessastöðum. Um leið og Ólafur tilkynnti framboð sitt árið 2012 varð til Facebook-hópurinn „Betri valkost á Bessastaði“. Þrír af fjórum stjórnendum hópsins höfðu sterk tengsl við Samfylkinguna. Markmið hópsins var að finna forsetaefni sem skákað gæti Ólafi. Stjórnendur hópsins töldu fólk á vinstri væng stjórnmalanna vera líklegast til að styðja málstaðinn. Blaðamaðurinn Karl Th. Birgisson segir hópinn hafa haft mikil áhrif á framvindu mála. Félagar í hópnum lögðust á eitt og greiddu Capacent Gallup fyrir að mæla fylgi líklegra forsetaframbjóðenda. Í þeirri könnun fékk Ólafur mest fylgi, næst kom sjónvarpskonan Þóra Arnórsdóttir.<sup>139</sup>

Þóra lét til skarar skríða og varð einn sex forsetaframbjóðenda. Afi hennar, Hannibal Valdimarsson, hafði verið forseti Alþýðusambandsins og formaður þriggja vinstri flokka, Alþýðufokks, Alþýðubandalags og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Föðurbróðir hennar er Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi formaður Alþýðuflokksins og ötull talsmaður Evrópsambandsaðildar Íslands. Karl Th. hefur sagt að meðal annars út frá ofangreindum staðreyndum hafi Þóra verið staðsett á hinum pólitíska skala. Hann segir fólk hafa hneigst til að álykta: „Þóra er krati, hún er til vinstri, hún er útsendari

<sup>136</sup> [Vef.] Ólafur Ragnar Grímsson, „Nýársávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar 1. janúar 2012“.

<sup>137</sup> Skömmu áður en Ólafur tilkynnti framboð sitt höfðu honum verið afhentar tæplega þrjátíu og tvö þúsund undirskriftir þar sem skorað var á hann að bjóða sig aftur fram. Ein helsta sprautan á bakvið undirskriftasöfnunina var Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins. Sbr. Magnús Þorlákur Lúðvíksson, „Ólafur Ragnar tekur viku til umhugsunar“, *Fréttablaðið* 28. febrúar 2012, bls. 6. Skorað var á forsetann á vefsíðunni [www.askoruntilforseta.is](http://www.askoruntilforseta.is). Það er til merkis um heimildavanda að sú síða er ekki lengur aðgengileg á vefnum. Eitthvað að efni vefsins er þó aðgengilegt á [www.vefsafn.is](http://www.vefsafn.is).

<sup>138</sup> [Vef.] Ólafur Ragnar Grímsson, „Yfirlýsing“ (4. mars 2012).

<sup>139</sup> Karl Th. Birgisson, *Alltaf einn á vaktinni*, bls. 24, 26 og 27. Facebook-hópurinn sem um ræðir er nú horfinn af vefnum. Því er vitnað til skrifa Karls um hópinn.

ríkisstjórnarinnar gegn Ólafi Ragnari, hún er ESB-sinni, hún hefði samþykkt Icesave-samningana“. Hörðustu stuðningsmenn Ólafs töldu Þóru jafnvel hættulega þjóðarhagsmunum að mati Karls. Innan herbúða Þóru var fólk með á nótunum um Samfylkingar-krata stimpilinn. Sá stimpill loddi við Þóru alla kosningabaráttuna.<sup>140</sup> Þegar Ólafur hóf kosningabaráttu sína fyrir forsetakosningarnar sumarið 2012 hafði Þóra ef eitthvað var örlítið forskot á hann.<sup>141</sup>

Í upphafi kosningabaráttu sinnar árið 2012 sagði Ólafur að ákvarðanir hans í Icesave-málinu hefðu haft þær afleiðingar að einhverjir af fyrrum bandamönnum og stuðningsmönnum hans og hefðu hætt samskiptum við sig. Forseta hverju sinni sagði hann verða að vera tilbúinn að taka óvinsælar ákvarðanir, forseti mætti ekki stöðugt hugsa um vinsældir sínar – slíkur forseti myndi bregðast þjóðinni.<sup>142</sup> Óhætt er að fullyrða að ásamt því að lýsa sýn sinni á embættið var Ólafur ekki síður að gagnrýna Þóru Arnórsdóttur.

Ólafi var tíðrætt um óvissuástand í þjóðfélaginu í kosningabaráttunni. Mörg mál sagði hann óleyst, til dæmis hugsanleg Evrópusambandsaðild Íslands, Icesave-málið og stjórnarskrármálið, auk þess væri traust til Alþingis innan við 10%. Höfðað hefði verið til hans með þrjátíu þúsund undirskriftum um að vera öryggisventill sem væri tilbúinn að færa þjóðinni valdið þegar það ætti við. Ólafur gagnrýndi Þóru harðlega fyrir að taka ekki afstöðu í stórum málum. Hann taldi það einnig alvarlegt mál að hún liti svo á að forsetinn ætti að fylgja utanríkisstefnu stjórnvalda.<sup>143</sup> Ólafur sagði þögla forseta vera forseta valdhafa. Þjóðin þyrfti ekki á slíkum forseta að halda. Ólafur sagði Þóru hafa stillt sjálfri sér upp sem forsetaefni sem væri þóknanlegt valdhöfum hverju sinni, það er að segja: þögull og þægur forseti.<sup>144</sup>

Jóhönnu Sigurðardóttur, þáverandi forsætisráðherra og formann Samfylkingarinnar, sagði Ólafur aldrei hafa fyrirgefið sér ákvarðanir sínar í Icesave-málinu. Það sama mætti segja um marga aðra forystumenn Samfylkingarinnar og Steingrím J. Sigfússon, þáverandi fjármálaráðherra og formann Vinstri grænna. Ólafur

---

<sup>140</sup> Sama heimild, bls. 40-41.

<sup>141</sup> [Vef.] „Hnífjafnt milli Þóru og Ólafs Ragnars“, MMR. Segja má að kosningabaráttu Ólafs haf hafist hjá Sigurjóni M. Egilssyni á *Bylgjunni* 13. maí 2012. Sbr. [Vef.] Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - fyrsti hluti“.

<sup>142</sup> [Vef.] Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - fjórði hluti“.

<sup>143</sup> [Vef.] Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - þriðji hluti“.

<sup>144</sup> [Vef.] Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - fjórði hluti“.

sagði Jóhönnu og aðstoðarmann hennar hafa beitt sér margvíslega gegn honum.<sup>145</sup> Forsetinn stillti sjálfum sér upp sem mótvægi við ríkisstjórnina og varð það í forsetakosningunum árið 2012. Lagasynjanirnar áttu eflaust mestan þátt í að skapa þá mynd í augum kjósenda að Ólafur væri mótvægi við stjórnvöld.

Ólafur mótmælti einnig því sem hann hafði áður sagt um að hann kynni að hverfa frá borði áður en kjörtímabilinu lyki. Þegar nær dró kosningum sagði hann sig vera að bjóða sig fram til fjögurra ára og skaut á meintan áróður Svavars Halldórssonar, þáverandi fréttamanns á *Rúv* og eiginmanns Þóru Arnórsdóttur, í fréttum *Sjónvarpsins* og sagði ekkert til í því að hann kynni að sitja aðeins hluta af kjörtímabilinu.<sup>146</sup>

Á flokkstjórnarfundum Samfylkingarinnar í mars 2012 gagnrýndi Jóhanna Sigurðardóttir forsetann harðlega. Um Ólaf Ragnar sagði hún: „[Ý]mislegt bendi[r] til þess að sitjandi forseti hyggist stíga enn frekari skref í að færa embætti forseta Íslands inn á áttakavettvang stjórnmalanna. Þvert gegn hugmyndum og hefðum sem að gilt hafa um hlutverk forsetans sem sameiningartákn þjóðarinnar.“<sup>147</sup> Ólafur minntist þessara ummæla í kosningabaráttu sinni og sagði Jóhönnu telja sig þurfa að standa í stríði gegn sér.<sup>148</sup> Þessi ummæli Jóhönnu ríma við þá túlkun að valdhafar vilji valdalítinn forseta. Hugmyndin um valdalítinn/valdalausn forseta er valdhöfum hverju sinni þóknanleg. Upplifun Ólafs á framboði Þóru er í svipuðum dúr og gagnrýni forsætisráðherra í garð Ólafs í aðdraganda kosninganna. Forsætisráðherrann vildi þögulan og þægan forseta.

Sjálfur virðist Ólafur hafa upplifað hið pólitíska landslag með svipuðum hætti og Karl Th. greindi orðræðuna í kringum framboð Þóru. Af samtali Ólafs Ragnars við Karl í júlí 2012 dró sá síðarnefndi þá ályktun að Ólafur hafi litið svo á að vinstri grænir og Samfylkingin (auk annarra Evrópusambandsinna) hafi blásið til sóknar gegn honum. Fleiri ástæður stuðluðu einnig að þessari sýn Ólafs, til dæmis ræða Jóhönnu á

---

<sup>145</sup> Sama heimild.

<sup>146</sup> Sama heimild. Ólafur gagnrýndi *DV* og *Rúv* í aðdraganda kosninganna. Ólafur sagði t.a.m. frétt *Rúv* frá 20. mars 2012 sem unnin var af Svavari vera hannaða til að ala á tortryggni í sinn garð. Ólafur sagði að fréttin hefði verið vel falin fljótlega eftir birtingu hennar. Orðrétt sagði Ólafur: „*Ríkissjónvarpið* hika ekkert við að leyfa eiginmanni frambjóðandans að vera með áróðursfréttir í garð annarra.“ [Vef.] Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - annar hluti“.

<sup>147</sup> Sjá upptöku Samfylkingarinnar frá fundinum: [Vef.] „Unga Ísland – land tækifæranna. Jóhanna Sigurðardóttir á flokkstjórnarfundum 10. mars 2012“, Vimeo.

<sup>148</sup> [Vef.] Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - fjórði hluti“.



flokksstjórnarfundinum og yfirlýsingar aðstoðarmanns hennar um að finna þyrfti öflugt forsetaefni gegn honum.<sup>149</sup>

Svanur Kristjánsson telur að kosningabaráttan árið 2012 hafi einkennst af átökum milli ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu. Ólaf segir hann hafa verið í fararbroddi stjórnarandstæðinga. Viðbrögð Ólafs við forskoti Þóru hafi einfaldlega verið „að spyrða hana við flokk forsætisráðherrans, Samfylkinguna, og Evrópusambandið.“<sup>150</sup> Í rannsókn stjórn málafræðiprófessoranna Gunnars Helga Kristinssonar og Indriða H. Indriðasonar, auk Viktors Orra Valgarðssonar stjórn málafræðings, á forsetakosningunum árið 2012 ályktuðu þeir að Ólafur hafi í kosningabaráttunni reynt að færa sér í nyt óvinsældir ríkisstjórnarinnar. Niðurstaða forsetakosninganna kunna að endurspegla afstöðu kjósenda til ríkisstjórnarinnar.<sup>151</sup>

Hentugt var fyrir Ólaf Ragnar að fólk tengdi Þóru við Samfylkinguna og/eða ríkisstjórnina. Eins og minnst hefur verið á hefur forsetaefni aldrei sigrað sem hefur þótt standa nærri valdhöfum. Í ofanálag var umrædd ríkisstjórn einkar óvinsæl. Samkvæmt Þjóðarpólssi Capacent Gallup frá seinni hluta febrúar 2012 mældist samanlagður stuðningur ríkisstjórnarflokkanna um 26%.<sup>152</sup>

### Talið úr kjörkössunum

Ólafur Ragnar hlaut 51,5% atkvæða í forsetakosningunum árið 2012. Næst á eftir kom Þóra með 32,3% stuðning. Atkvæði greidd öðrum frambjóðendum auk auðra og ógildra atkvæðaseðla voru samtals 16,2%. Hlutfallslega fékk Ólafur flest atkvæði í Suðurkjördæmi en lægsta hlutfallið var í Reykjavíkurborgkjördæmunum. Reykjavík var aftur á móti sterkasta vígi Þóru en minnstur var stuðningur við hana í Suðurkjördæmi.<sup>153</sup>

<sup>149</sup> Karl Th. Birgisson, *Alltaf einn á vaktinni*, bls. 26.

<sup>150</sup> Svanur Kristjánsson, „Hið nýja Ísland eftir hrunið eða geðþóttavald forseta Íslands?“, bls. 343. Í upphafi kosningabaráttu sinnar lýsti Ólafur því yfir að samskiptin við Jóhönnu Sigurðardóttur væru mjög slæm. Sjá: [Vef.] Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - fjórði hluti“.

<sup>151</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, Indriði H. Indriðason og Viktor Orri Valgarðsson, „Hvað voru kjósendur að hugsa?“, bls. 226-227.

<sup>152</sup> [Vef.] „Fylgi flokka ef kosið yrði til Alþingis í dag og stuðningur við ríkisstjórnina“, Vefsafn.is.

<sup>153</sup> „Forsetakjör 30. júní 2012“, *Hagtíðindi*, bls. 10-11.

	Ólafur Ragnar	Þóra
<b>Allir</b>	44,5%	36,9%
<b>Kyn</b>		
Karl	47,7%	31,7%
Kona	41,2%	42,3%
<b>Aldur</b>		
18-29 ára	49,8%	33,3%
30-49 ára	42,1%	36,1%
50-67 ára	44,2%	40,4%
<b>Búseta</b>		
Höfuðborgarsvæði	40,1%	39,5%
Landsbyggð	50,7%	33,2%
<b>Heimilstekjur</b>		
Undir 250 þúsund	46,0%	34,7%
250-399 þúsund	45,2%	37,9%
400-599 þúsund	44,2%	37,3%
600-799 þúsund	44,1%	36,9%
800 þúsund eða hærra	40,1%	40,7%
<b>Stuðningur við ríkisstjórn</b>		
Styðja ríkisstjórnina	19,5%	62,0%
Styðja ekki ríkisstjórnina	57,8%	24,3%
<b>Stuðningur við stjórnmalaflokka*</b>		
Framsóknarflokkurinn	67,2%	18,2%
Sjálfstæðisflokkurinn	63,7%	20,3%
Samfylkingin	13,4%	74,5%
Vinstihreyfingin-grænt framboð	19,8%	59,5%
Björt framtíð	10,2%	65,3%
Samstaða	45,7%	26,1%

\*Spurt var hvaða stjórnmalaflokk viðkomandi myndi kjósa þegar gagnanna var afluð.

Upplýsinganna var afluð um tveimur vikum fyrir kjördag.

154

Könnunin sem vísað er til á töflunni að framan gefur skýrt til kynna hvert Ólafur og Þóra sóttu fylgi. Samkvæmt könnuninni naut Ólafur um 67% stuðningsframsóknarmanna og um 64% sjálfstæðismanna. Þóra sótti hlutfallslega minnst fylgi til stuðningsfólks þessara tveggja flokka. Um fimmtungur stuðningsfólks Vinstri grænna studdi Ólaf. Bakland Ólafs var sterkast þar sem það var veikara hjá Þóru. Ólafur var vinsælli meðal yngra fólks en eldra. Eftir að hafa verið jafnvel vinsælli meðal kvenna árið 2004 var Ólafur aftur orðinn vinsælli meðal karla líkt og gerðist árið 1996.

<sup>154</sup> [Vef.] „Munar tæpum átta prósentum á Þóru og Ólafi Ragnari“, MMR.

Líkt og taflan að framan gefur til kynna var Ólafur langvinsælasti kosturinn hjá þeim sem ekki studdu ríkisstjórnina. Ólafi hafði aftur tekist, að minnsta kosti í augum kjósenda, að vera mótvægi við stjórnvöld þrátt fyrir að stærstu stjórnarandstöðuflokkarnir þegar þessar kosningar fóru fram hafi verið í ríkisstjórn í fyrri kosningaslögum Ólafs. Raunar var Ólafur aldrei meiri forseti stjórnarandstæðinga en árið 2012. Í fyrri framboðum Ólafs hafði stuðningsfólk Framsóknarflokksins, sem þá var ríkisstjórnarflokkur, kosið hann í stórum stíl. Hvað varðar stuðningsfólk hinna þriggja arma fjórflokksins var um algjöra umpólun að ræða. Sjálfstæðismenn höfðu nú tekið Ólaf í sátt en stuðningsfólk Vinstri grænna og Samfylkingarinnar, áður A-flokkanna, var síður hrifið af honum.

Stormasamt var í kringum Ólaf Ragnar í kjölfar hrunsins. Fylgið sveiflaðist frá vinstri til hægri en ávallt hélt hann drjúgum stuðningi framsóknarmanna. Breytt afstaða sjálfstæðismanna til Ólafs kristallast í orðum Davíðs Oddssonar. Hann er dæmi um gegnheilan andstæðing Ólafs í fyrri forsetakjörum hans sem hafði tekið hann í sátt í aðdraganda kosninganna 2012. Davíð kaus þó ekki Ólaf árið 2012 frekar en áður heldur skilaði hann auðu. Hann hefur hins vegar sagt að ef hann hefði talið að Ólafur næði ekki kjöri hefði hann kosið Ólaf.<sup>155</sup> Hægrimaðurinn Davíð og formaður Sjálfstæðisflokksins til fjórtán ára virðist hafa álitnið Ólaf Ragnar, sem áður hafði gegnt formennsku í Alþýðubandalaginu, mikilvægt mótvægi gegn vinstri stjórninni.

Markmið rannsóknar Gunnars, Indriða og Viktors var að komast að því hvað hafi ráðið mestu um úrslit kosninganna. Til dæmis var reynt að komast að því hvaða þættir í fari frambjóðenda höfðu áhrif á val kjósenda. Varðandi þann hluta rannsóknarinnar var stuðst við hentugleikaúrtak og var niðurstaðan hvað varðar fylgi frambjóðenda töluvert skökk. Gögnin voru umreiknuð í samræmi við niðurstöðu kosninganna til að rétta af skekkjuna. Samkvæmt niðurstöðu stjórn málafræðinganna töldu um 73% kjósenda Ólafs þekkingu og reynslu eiginleika sem skiptu máli í vali þeirra á frambjóðanda. Um helmingur stuðningsfólks Ólafs nefndi menntun og hæfni í samskiptum við landsmenn og útlendinga sem jákvæðan eiginleika í hans fari. Að frátöldu stuðningsfólki Andreu Ólafsdóttur töldu undir 10% stuðningsmanna annarra frambjóðenda stjórn málafræðinganna síns forsetaefnis skipta máli. Um 70% stuðningsfólks þóru taldi heiðarleika vera

---

<sup>155</sup> [Vef.] Páll Magnússon, „Sprengisandur: Davíð býður sig fram til forseta“.

eiginleika í hennar fari sem skipti máli samanborið við fjórðung hjá kjósendum Ólafs. Almenn framkoma og málefni voru þættir sem skiptu kjósendur Þóru mun meira máli en kjósendur sitjandi forseta. Könnunin leiddi einnig í ljós að kjósendur Ólafs voru líklegastir til að telja notkun synjunarvaldsins æskilega í Icesave-málinu á meðan stuðningsmenn Þóru voru ólíklegastir til að vera á þeirri skoðun. Kjósendur Ólafs töldu völd forseta mun æskilegri en kjósendur Þóru.<sup>156</sup>

Niðurstaða stjórn málafræðinganna þriggja var sú að líklegt sé að afstaða fólks til ríkisstjórnarinnar hafi haft mest áhrif á úrslit kosninganna.<sup>157</sup> Stuðningsfólk Þóru var því líklegra til þess að vilja þögulan og þægan forseta sem kom betur saman við hugmyndina um forsetann sem sameiningartákn. Ólafur hafði engan vilja til að verða slíkur forseti. Hann taldi það hvorki samræmast hlutverki embættisins né hafði hann áhuga á því að vera sameiningartákn í þeim skilningi að vera undir hæl ríkisstjórnar. Bæði gjörðir og ummæli Ólafs áttu þátt í að stilla honum upp sem mótvægi við stjórnvöld. Ólafur hafði neitað að skrifa undir tvö lög frá ríkisstjórninni um Icesave (þau síðari höfðu einnig drjúgan stuðning stjórnarandstöðunnar).<sup>158</sup> Ólafur taldi embættið vera handbremsu sem nauðsynleg væri gagnvart þinginu. Forsetinn reyndi með orðræðu sinni að vera fjarlægur valdhöfum og í senn að stilla Þóru upp sem forsetaefni valdhafa.

---

<sup>156</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, Indriði H. Indriðason og Viktor Orri Valgarðsson, „Hvað voru kjósendur að hugsa?“, bls. 227-231.

<sup>157</sup> Sama heimild, bls. 221.

<sup>158</sup> Sjálfur taldi Ólafur að margir hygðust nota kosningarnar til að hefna sín á ákvörðunum hans í Icesave-málinu. Sjá: [Vef.] Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - þriðji hluti“.

## Niðurstöður

Stuðningur við Ólaf í forsetakosningum og við lagasynjanir hans á sér nokkra samnefnara. Tekjulægra fólk og fólk með minni menntun var líklegra til að styðja synjanir og framboð Ólafs en meira menntað og efnameira fólk. Ólafur átti ætíð meiri stuðning á landsbyggðinni en í höfuðborginni. Tvær ólíkar ríkisstjórnir voru við völd þegar Ólafur synjaði fyrst fjölmiðlalögum árið 2004 og síðar Icesave-lögum á árunum 2010 og 2011. Sú meginregla virðist einnig gilda að valdhafar hverju sinni séu mótfallnir lagasynjunum forseta en stjórnarandstæðingar fylgjandi þeim. Um það vitna til að mynda skoðanir forsætisráðherranna tveggja sem voru við völd í þessum málum (Davíð Oddsson í fjölmiðlamálinu 2004 og Jóhanna Sigurðardóttir í Icesave-málinu 2010 og 2011) sem sveifluðust til eftir því hvoru megin við ríkisstjórnarborðið flokkar þeirra sátu.

Valdhafar hverju sinni vilja að forsetinn sé afskiptalaus. Í aðdraganda allra kosningaslaga Ólafs varð hann fyrir gagnrýni af hálfu stjórnarliða um að valda ekki því hlutverki að vera sameiningartákn þjóðarinnar. Ólafur hefur aldrei haft áhuga á því að vera forseti sem væri þóknanlegur valdhöfum. Það samrýmist þeirri hugmynd Ólafs um embættið að forsetinn eigi meðal annars að vera öryggisventill þjóðarinnar gagnvart Alþingi. Aldrei kom til þjóðaratkvæðagreiðslu í fjölmiðlamálinu en svo virðist sem meirihluti þjóðarinnar hafi verið hlynntur synjun forsetans og á móti lögum. Í báðum þjóðaratkvæðagreiðslunum vegna Icesave hafnaði þjóðin lögum staðfestingar. Í öllum þremur málunum virkaði forsetinn sem öryggisventill vegna þess að hann kom í veg fyrir það sem annars hefði orðið.

Hugmyndin um forsetann sem mótvægi við stjórnvöld hefur ágerst í forsetatið Ólafs Ragnars Grímssonar og kemur hún heim og saman við hugmyndir hans sjálfs um embættið. Í kosningabaráttunni fyrir forsetakjörið árið 2012 komu skýrt fram hugmyndir Ólafs um embættið. Þá höfðaði Ólafur best til andstæðinga ríkisstjórnarinnar og stillti um leið sínum sterkasta mótframbjóðanda upp sem forsetaefni sem væri þóknanlegt valdhöfum. Ekki er þó þar með sagt að hugmyndir Ólafs um forsetaembættið muni festast í sessi. Aftur á móti er það nú óumdeilt að forsetinn hafi heimild til að synja lögum staðfestingar. Embætti forseta Íslands er ekki í föstum skorðum og getur forseti hverju sinni sniðið embættið að einhverju leyti eftir eigin höfði.

Árið 2004 nýttist lagasynjun fjölmiðlafrumvarpsins Ólafi til að treysta fylgisgrundvöll sinn. Stuðningur við forsetann jókst og var umtalsvert meiri í

kosningunum 2004 en 1996. Orðræðan í kringum kosningarnar 2004 var reyndar á þá leið að Ólafur keppti við árangur Vigdísar Finnbogadóttur frá forsetakosningunum árið 1988. Slíkur samanburður var að því leyti til eðlilegur á þeim tíma þar sem sitjandi forseti hafði aðeins þá hlotið mótframboð. Sá samanburður er þó ósanngjarn. Vigdís hlaut yfir 90% atkvæða en hafði þá ekki þurft að taka á erfiðu máli nokkrum vikum fyrir kosningar þar sem tugþúsundir skoruðu á forsetann um að synja lögum frá Alþingi staðfestingar í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins. Ólafur vann öruggan sigur og styrkti um leið fylgisgrundvöll sinn. Hann naut enn traustari stuðnings vinstri manna árið 2004 en 1996 og áfram studdi stór hluti framsóknarmanna hann. Það spilaði einnig inn í sigur Ólafs að hann keppti ekki við öflugan mótframbjóðendur, auk þess skilaði metfjöldi auðu í kosningunum.

Í forsetakosningunum árið 2012 var stuðningur við Ólaf minni en árið 2004 en meiri en 1996. Ólíkt kosningunum 2004 glímdi Ólafur við fleiri og sterkari mótframbjóðendur árið 2012. Niðurstaðan var sigur Ólafs sem naut stuðnings rúmlega helmings kjósenda eftir að hafa átt undir högg að sækja í upphafi kosningabaráttunnar. Kosningarnar árið 2012 eru vitnisburður um það Ólafur var ekki forseti sem höfðaði til vinstri manna heldur höfðaði hann almennt frekar til stjórnarandstæðinga eða þeirra sem vildu að forsetinn gæti haft hemil á Alþingi.

Raunar má segja um Ólaf að hann hafi aldrei verið meiri forseti stjórnarandstæðinga en árið 2012. Mikill meirihluti stuðningsfólks beggja ríkisstjórnarflokka vinstri stjórnarinnar (Samfylkingar og Vinstri grænna) studdu ekki Ólaf í kosningunum 2012 né heldur lagasynjanir hans í Icesave-málinu. Þegar hann synjaði fjölmiðlalögunum naut Ólafur stuðnings um helmings framsóknarmanna, sem þá sat í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki. Fáir sjálfstæðismenn studdu verk eða framboð Ólafs fyrr en í Icesave-málinu. Lagasynjanir forsetans í því máli urðu til þess að sveigja fylgisgrundvöll hans frá vinstri til hægri. Eftir bæði fjölmiðlamálið og Icesave-málið vann Ólafur sterka sigra í forsetakosningunum næst á eftir.

Fyrir hrúnið haustið 2008 vildu aðeins um 10% Íslendinga annan forseta en Ólaf. Hinn gríðarmikli stuðningur við forsetann dróst saman eftir hrún líkt og gerðist með flesta kjörna fulltrúa. Ólafur varð fyrir mikilli gagnrýni fyrir framgang sinn í útrás íslenskra fyrirtækja fyrir hrún og ekki var skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis til þess fallin að styrkja hans stöðu. Í Icesave-málinu opnaðist hins vegar gluggi fyrir forsetann og með synjunum hans í því máli endurnýjaði hann fylgisgrundvöll sinn.

Ólafur nýtti sér sveigjanleika embættisins með því að virkja synjunarvald forseta. Fram að synjun Ólafs árið 2004 var það umdeilt hvort forseti hefði heimild til lagasynjana. Synjanirnar renndu stoðum undir þá hugmynd um embættið að meðal hlutverka forseta sé að vera mótvægi við stjórnvöld. Með lagasynjununum steig Ólafur fram sem umboðsmaður þjóðarviljans. Ákvarðanir hans virðast hafa verið í samræmi við skoðun meirihluta kosningabærra manna.

Breytingin á stuðningi við Ólaf með hliðsjón af flokkspólitískri stöðu kjósenda hans er eftirtektarverðari vegna þeirrar staðreyndar að hann hafði verið umdeildur formaður í umdeildum stjórn málaflokki, Alþýðubandalaginu. Það er hins vegar mikilvæg forsenda fyrir fylgissveiflunni á pólitísku baklandi Ólafs að stjórn málaschoðanir forsetaframbjóðenda skipta kjósendur litlu máli. Við fylgissveifluna frá vinstri til hægri hafði Ólafur haldreipi í miðjunni, frá stuðningsfólki Framsóknarflokks. Segja má að pólitískar rætur Ólafs í Framsóknarflokki hafi haldið fast í hann alla hans forsetatíð. Raunar jókst stuðningur framsóknarmanna við Ólaf undir lok síðasta kjörtímabils hans. Í apríl 2016 sögðust 99% þeirra vera mjög eða frekar ánægð með störf hans.<sup>159</sup>

Þegar Ólafur var fyrst kjörinn forseti átti hann mestum stuðningi að fagna meðal eldra fólks en síður meðal þeirra sem yngri voru. Það hafði snúist við árið 2012. Yngra fólk studdi þá Ólaf í ríkara mæli en eldra fólk. Hvað veldur þeirri sveiflu skal ósagt látið. Ólíkt stuðningi fólks með tilliti til aldurs og stuðningi við stjórn málaflokka sem snerist hálfhring snerist stuðningur kynjanna í heilan hring. Karlar voru töluvert líklegri til að kjósa Ólaf árin 1996 og 2012 en árið 2004 voru konur líklegri en karlar til að styðja verk hans og mögulega framboð. Það kann að hafa áhrif að árin 1996 og 2012 voru (öflugar) konur í framboði en ekki árið 2004.

Fyrir kosningarnar árin 1996 og 2012 eru heimildir almennt góðar um pólitískt bakland Ólafs (og annarra frambjóðenda). Það er í sjálfu sér niðurstaða að árið 2004 var mun meira þúður fjölmiðla og fyrirtækja sem annast schoðanakannanir sett í umfjöllun um fjölmiðlamálið en kosningarnar sem fóru fram nokkrum vikum eftir synjun fjölmiðlafrumvarpsins.

Í öllum forsetakjörum Ólafs átti hann sér harða andstæðinga. Árin 1996 og 2004 voru sjálfstæðismenn áberandi í andstöðu sinni við Ólaf. Einn þeirra varaði við því að

---

<sup>159</sup> Sbr. [Vef.] „Ánægja með störf forseta sjaldan mælst meiri“, MMR.

farið gæti fyrir Íslendingum eins og í verstu hrollvekju. Hrollvekjan var þó ekki verri en svo að sjálfstæðismenn studdu Ólaf í stórum stíl þegar hann var síðast kjörinn. Einnig börðust forstjórar þriggja fyrirtækja af hörku gegn fyrsta forsetaframboði Ólafs. Þeim þótti hann hafa vegið illa að fyrirtækjum sínum sem þingmaður og fjármálaráðherra. Heilsíðu auglýsingar voru keyptar í dagblöðum þar sem reynt var að fá fólk ofan af því að kjósa Ólaf. Það er táknrænt fyrir sveiflurnar á fylgi hans að einn forstjórnanna þriggja átti eftir að njóta góðs stuðnings Ólafs í útrásinni. Við síðasta kjör Ólafs kom andstaðan hins vegar frá vinstri. Komið var á félagsskap sem hafði sama markmið og forstjórnarnir þrír höfðu haft árið 1996: Allt annað en Ólaf Ragnar á Bessastaði. Að frátöldum tímanum rétt fyrir hrun var Ólafur ætíð umdeildur. Aðeins þá tókst honum að verða forseti (næstum) allra Íslendinga ef svo má að orði komast. Að undanskildum þeim tíma var Ólafur aldrei „forseti allra“ í einu. Svo virðist sem flestir hópar Íslendinga hafi á einhverjum tímapunkti ljáð Ólafi atkvæði sitt.



## Heimildaskrá

### 1. Óprentaðar heimildir

#### Sjónvarpsefni

*Ríkisútvarpið* (2016).

#### Skýrslur

Karl Sigurðsson, „Afstaða til forsetaembættisins. Þjóðmálakönnun 30. maí til 5. júní 1996“, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (júní 1996).

Karl Sigurðsson, „Fylgi forsetaframbjóðenda. Þjóðmálakönnun 26. og 27. júní 1996“, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (júní 1996).

Stefán Ólafsson, Steinunn Gestsdóttir, Bylgja Valtýsdóttir o.fl., „Forsetakosningar 29. júní 1996: Greining. Þjóðmálakönnun 16. - 22. júlí 1996“, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (júlí 1996).

#### Vefheimildir

„Afstaða til fjölmiðlalaga og þjóðaratkvæðagreiðslu“, Vefsafn.is. Afrit af vef Gallup (júlí 2004). <http://wayback.vefsafn.is/wayback/20041020180658/http://www.gallup.is/main/view.jsp?branch=734930&e342RecordID=861&e342DataStoreID=514738>. Skoðað 8. september 2016.

„Auðir seðlar og ógildir í kosningum 1908-2013“, Hagstofa Íslands. [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_kosningar\\_yfirlit/KOS02000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=2d6f1cb5-5253-4879-970f-93231347af51](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_kosningar_yfirlit/KOS02000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=2d6f1cb5-5253-4879-970f-93231347af51). Skoðað 8. september 2016.

„Auglýsing um framboð og kjör forseta Íslands“, Innanríkisráðuneytið (22. maí 2004). <https://www.innanrikisraduneyti.is/dmr/frettir/nr/857>. Skoðað 7. september 2016.

„Ánægja með störf forseta sjaldan mælst meiri“, MMR (19. apríl 2016). <http://mmr.is/frettir/birtar-nieurstoeur/538-anaegja-medh-stoerf-forseta-sjaldan-maelst-haerri>. Skoðað 8. september 2016.

„Breytingartillaga við frv. um l. um heimild til handa fjármálaráðherra...“, 388. mál, 139. löggjafarþing, þingskjal 833. Alþingi. <http://www.althingi.is/altext/139/s/0833.html>. Skoðað 8. september 2016.

„Fylgi flokka ef kosið yrði til Alþingis í dag og stuðningur við ríkisstjórnina“, Vefsafn.is. Afrit af vef Capacent (5. mars 2012). <http://wayback.vefsafn.is/wayback/20120316130525/http://www.capacent.is/frettir-og-frodleikur/thjodarpulsinn/thjodarpulsinn/2012/03/05/Fylgi-flokka-ef-kosid-yrdi-til-Althingis-i-dag-og-studningur-vid-rikisstjornina/>. Skoðað 8. september 2016.

„Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum...“, 374. mál, 130. löggjafarþing, þingskjal 1525. Alþingi. <http://www.althingi.is/altext/130/s/1525.html>. Skoðað 8. september 2016.

„Helmingur segist ánægður með störf Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands“, MMR (4. apríl 2011). [http://mmr.is/images/stories/PDF/1103\\_tilkynning\\_forseti.pdf](http://mmr.is/images/stories/PDF/1103_tilkynning_forseti.pdf). Skoðað 8. september 2016.

„Hnífjafnt milli Þóru og Ólafs Ragnars“, MMR (15. maí 2012). [http://mmr.is/images/stories/PDF/1205\\_mmr\\_tilkynning\\_forsetakosningar.pdf](http://mmr.is/images/stories/PDF/1205_mmr_tilkynning_forsetakosningar.pdf). Skoðað 8. september 2016.

„Jóhanna Sigurðardóttir nýtur mikils trausts hjá flestum“, MMR (10. desember 2008). [http://mmr.is/images/stories/PDF/0812\\_tilkynning\\_traustfolk.pdf](http://mmr.is/images/stories/PDF/0812_tilkynning_traustfolk.pdf). Skoðað 8. september 2016.

„Kosningabátttaka við forsetakjör 1952-2012“, Hagstofa Íslands.  
[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_kosningar\\_yfirlit/KOS02004.px/table/tableViewLayout1/?rxid=2d6f1cb5-5253-4879-970f-93231347af51](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_kosningar_yfirlit/KOS02004.px/table/tableViewLayout1/?rxid=2d6f1cb5-5253-4879-970f-93231347af51). Skoðað 8. september 2016.

„Lög um breytingu á lögum nr. 96/2009...“, lög nr. 1/2010. 76. mál, 138. löggjafarþing, þingskjal 626. Alþingi. <http://www.althingi.is/altext/138/s/0626.html>. Skoðað 8. september 2016.

„Lög um framboð og kjör forseta Íslands“, lög nr. 36/1945. Alþingi.  
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1945036.html>. Skoðað 8. september 2016.

„Lög um kosningar til Alþingis“, lög nr. 24/2000. 522. mál, 125. löggjafarþing, þingskjal 1364. Alþingi. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2000.024.html>. Skoðað 8. september 2016.

„Meirihluti styður ákvörðun forseta Íslands“, Vefsafn.is. Afrit af vef Gallup (júlí 2004).  
<http://wayback.vefsafn.is/wayback/20040713141538/http://www.gallup.is/index.jsp>. Þjóðapúls Gallup > Þjóðarpúlsinn: 2004 > Meirihluti styður ákvörðun forseta Íslands. Skoðað 8. september 2016.

„Munar tæpum átta prósentum á Þóru og Ólafi Ragnari“, MMR (22. júní 2012).  
[http://mmr.is/images/stories/PDF/1206\\_mmr\\_tilkynning\\_forsetakosningar.pdf](http://mmr.is/images/stories/PDF/1206_mmr_tilkynning_forsetakosningar.pdf). Skoðað 8. september 2016.

Ólafur Ragnar Grímsson, „Nýársávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar 1. janúar 2009“, Forseti Íslands. <http://www.forseti.is/media/files/09.01.01.Nyarsavarp.pdf>. Skoðað 8. september 2016.

Ólafur Ragnar Grímsson, „Nýársávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar 1. janúar 2012“, Forseti Íslands. [http://www.forseti.is/media/PDF/2012\\_01\\_01Aramotaavarp.pdf](http://www.forseti.is/media/PDF/2012_01_01Aramotaavarp.pdf). Skoðað 8. september 2016.

Ólafur Ragnar Grímsson, „Ræða forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar við setningu Alþingis 15. maí 2009“, Forseti Íslands. [http://www.forseti.is/media/files/09\\_05\\_15\\_Thingsetning.pdf](http://www.forseti.is/media/files/09_05_15_Thingsetning.pdf). Skoðað 8. september 2016.

Ólafur Ragnar Grímsson, „Ræða forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar við setningu Alþingis 8. september 2015“, Forseti Íslands.  
[http://www.forseti.is/media/PDF/2015\\_09\\_08\\_Thingsetning\\_2015.pdf](http://www.forseti.is/media/PDF/2015_09_08_Thingsetning_2015.pdf). Skoðað 8. september 2016.

Ólafur Ragnar Grímsson, „Yfirlýsing forseta Íslands“, Forseti Íslands (2. júní 2004).  
<http://www.forseti.is/media/files/04.06.02.Yfirl%C3%BDsing%20forseta.pdf>. Skoðað 8. september 2016.

Ólafur Ragnar Grímsson, „Yfirlýsing forseta Íslands“, Forseti Íslands (20. febrúar 2011).  
[http://www.forseti.is/media/PDF/2011\\_02\\_20\\_icesave3\\_isl.pdf](http://www.forseti.is/media/PDF/2011_02_20_icesave3_isl.pdf). Skoðað 8. september 2016.

Ólafur Ragnar Grímsson, „Yfirlýsing forseta Íslands“, Forseti Íslands (5. janúar 2010).  
[http://www.forseti.is/media/PDF/10\\_01\\_05\\_yfirlýsing\\_med\\_skjaldarmerki.pdf](http://www.forseti.is/media/PDF/10_01_05_yfirlýsing_med_skjaldarmerki.pdf). Skoðað 8. september 2016.

Ólafur Ragnar Grímsson, „Yfirlýsing“, Forseti Íslands (4. mars 2012).  
[http://www.forseti.is/media/PDF/2012\\_03\\_04\\_Yfirlýsing\\_ORG.pdf](http://www.forseti.is/media/PDF/2012_03_04_Yfirlýsing_ORG.pdf). Skoðað 8. september 2016.

Páll Magnússon, „Sprengisandur: Davíð býður sig fram til forseta“, *Bylgjan* (8. maí 2016).  
<http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP45452>. Skoðað 8. september 2016.

Páll Magnússon, „Sprengisandur: Forseti Íslands - þriðji hluti“, *Bylgjan*, (19. júní 2016). <http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP46506>. Skoðað 8. september 2016.

„Rannsóknarnefnd nýtur trausts“, Capacent. <https://capacent.is/um-capacent/frettir/2010/rannsoknarnefnd-nytur-trausts/>. Skoðað 8. september 2016.

„Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innistæðueigenda og fjárfesta“, 76. mál, 138. löggjafarþing, þingskjal 76, atkvæðagreiðsla. Alþingi. <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/atkvaedagreidsla/?nnafnak=41983>. Skoðað 8. september 2016.

„Samningar um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innistæðueigenda til breska og hollenska ríkisins“, 388. mál, 139. löggjafarþing, þingskjal 797, atkvæðagreiðsla. Alþingi. <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/atkvaedagreidsla/?nnafnak=44028>. Skoðað 8. september 2016.

„Samningar um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innistæðueigenda til breska og hollenska ríkisins“, 388. mál, 139. löggjafarþing, þingskjal 833, atkvæðagreiðsla. Alþingi. <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/atkvaedagreidsla/?nnafnak=44024>. Skoðað 8. september 2016.

Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - annar hluti“, *Bylgjan* (13. maí 2012). <http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP11306>. Skoðað 8. september 2016.

Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - fjórði hluti“, *Bylgjan* (13. maí 2012). <http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP11308>. Skoðað 8. september 2016.

Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - fyrsti hluti“, *Bylgjan* (13. maí 2012). <http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP11305>. Skoðað 8. september 2016.

Sigurjón M. Egilsson, „Forseti Íslands - þriðji hluti“, *Bylgjan* (13. maí 2012). <http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP11307>. Skoðað 8. september 2016.

„Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“, lög nr. 33/1944. Alþingi. <http://www.althingi.is/lagas/134/1944033.html>. Skoðað 8. september 2016.

Sunna Karen Sigurþórsdóttir, „Forsetaefni sem forsætisráðherra hefur stutt hefur alltaf tapað“, *Vísir.is* (18. apríl 2016). <http://www.visir.is/-forsetaefni-sem-forsaetisradherra-hefur-stutt-hefur-alltaf-tapad-/article/2016160418907>. Skoðað 8. september 2016.

Tilskipun 94/19. Mál E-16/11. EFTA-dómstóllinn (28. janúar 2013). [https://www.utanrikisraduneyti.is/media/icesave-2011-12/16\\_11\\_Judgment-Icesave-Case.pdf](https://www.utanrikisraduneyti.is/media/icesave-2011-12/16_11_Judgment-Icesave-Case.pdf). Skoðað 8. september 2016.

„Traust til Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, eykst verulega“, MMR (17. mars 2011). [http://mmr.is/images/stories/PDF/1103\\_tilkynning\\_trauststjornm.pdf](http://mmr.is/images/stories/PDF/1103_tilkynning_trauststjornm.pdf). Skoðað 8. september 2016.

„Traust til Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, heldur áfram að aukast“, MMR (22. apríl 2012). [http://mmr.is/images/stories/PDF/1202\\_tilkynning\\_trauststjornm.pdf](http://mmr.is/images/stories/PDF/1202_tilkynning_trauststjornm.pdf). Skoðað 8. september 2016.

„Unga Ísland – land tækifæranna. Jóhanna Sigurðardóttir á flokkstjórnarfundum 10. mars 2012“, Vimeo, Samfylkingin deildi á vimeo.com (2012). <https://vimeo.com/38277512>. Skoðað 8. september 2016.

„Úrslit forsetakjörs eftir frambjóðendum og kjördæmum 1952-1996“, Hagstofa Íslands. [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_kosningar\\_forsetakosningar/KOS07112.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_kosningar_forsetakosningar/KOS07112.px/)

[table/tableViewLayout1/?rxid=e3fcb21b-03b5-41c1-91f4-05672b4b2efa](http://table/tableViewLayout1/?rxid=e3fcb21b-03b5-41c1-91f4-05672b4b2efa). Skoðað 8. september 2016.

„Úrslit í þjóðaratkvæðagreiðslum 1908-2011“, Hagstofa Íslands.

[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_kosningar\\_thjodaratkv/KOS04101.px/table/tableViewLayout1/?rxid=e27c9524-78fd-4973-bf89-e2d5f7b14b96](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_kosningar_thjodaratkv/KOS04101.px/table/tableViewLayout1/?rxid=e27c9524-78fd-4973-bf89-e2d5f7b14b96). Skoðað 7. september 2016.

„Útvarpslög og samkeppnislög“, 974. mál, 130. löggjafarþing, þingskjal 1679, atkvæðagreiðsla. Alþingi. <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/atkvaedagreidsla/?nnafnak=31454>. Skoðað 8. september 2016.

„Þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave 9. apríl 2011“, MMR (11. apríl 2011).

[http://mmr.is/images/stories/PDF/1104\\_Icesave\\_X\\_uppgjor.pdf](http://mmr.is/images/stories/PDF/1104_Icesave_X_uppgjor.pdf). Skoðað 8. september 2016.

„Þjóðarpúls: Fylgi ríkisstjórnar um 40%“, Vefsafn.is. Afrit af vef Gallup (2. júní 2004).

<http://wayback.vefsafn.is/wayback/20040713141538/http://www.gallup.is/index.jsp>. Skoðað 8. september 2016.

„Þjóðarpúls Gallup“, Capacent Gallup (febrúar 2008) 16. árg. 2. tbl.

<http://www.mbl.is/media/67/867.pdf>. Skoðað 8. september 2016.

„56% segjast styðja ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki nýju Icesave lögin“, MMR (6. janúar 2010). [http://mmr.is/images/stories/PDF/1001\\_tilkynning\\_Icesave.pdf](http://mmr.is/images/stories/PDF/1001_tilkynning_Icesave.pdf). Skoðað 8. september 2016.

„60,7% styðja ákvörðun forsetans um að staðfesta ekki nýjustu Icesave lögin“, MMR (22. febrúar 2011). [http://mmr.is/images/stories/PDF/1102\\_tilkynning\\_Icesave.pdf](http://mmr.is/images/stories/PDF/1102_tilkynning_Icesave.pdf). Skoðað 8. september 2016.

## 2. Prentaðar heimildir

### Blöð

*Alþýðublaðið*, Reykjavík 1996.

*DV*, Reykjavík 1995, 1996, 2004 og 2010.

*Fréttablaðið*, Reykjavík 2004 og 2012

*Helgarpósturinn*, Reykjavík 1996.

*Morgunblaðið*, Reykjavík 1994, 1996, 2002 og 2004.

*Tíminn*, Reykjavík 1996.

### Aðrar prentaðar heimildir

Björg Thorarensen og Stefanía Óskarsdóttir, „Gæslumaður Alþingis: Breytt valdastaða forseta Íslands“, *Stjórnsmál & stjórnýssla* (desember 2015) 11. árg. 2. tbl., bls. 139-160.

*Forsetakjör 1996*, Hagskýrslur Íslands III, 49 (Reykjavík 1997).

„Forsetakjör 30. júní 2012“, *Hagtíðindi*, (október 2012), 1. tbl.

Guðjón Friðriksson, *Saga af forseta. Forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar. Útrás, athafnir, átök og einkamál* (Reykjavík 2008).

Guðni Th. Jóhannesson, „Bylting á Bessastöðum: Embætti forseta Íslands í valdatíð Ólafs Ragnars Grímssonar“, *Skírnir* 184. árg. (vor 2010), bls. 61-99.

Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen: Ævisaga* (Reykjavík 2010).

Gunnar Helgi Kristinsson, Indriði H. Indriðason og Viktor Orri Valgarðsson, „Hvað voru kjósendur að hugsa? Forsetakosningar á Íslandi 2012“, *Stjórnmál & stjórnsýsla* (desember 2012) 8. árg. 2. tbl., bls. 221-244.

Karl Th. Birgisson, *Alltaf einn á vaktinni. Saga af forseta og þjóð hans* (Reykjavík 2016).

Kristín Ástgerisdóttir, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason, „Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008“, í Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir* (Reykjavík 2010), viðauki 1.

*Landshagir 2004*, Hagskýrslur Íslands IV, 97. Ritstjórar: Anna Margrét Björnsdóttir og Svava Guðjónsdóttir (Reykjavík 2012).

Ólafur Jóhannesson, „Hugleiðingar um stjórnarskrána“, *Helgafell* 4. árg. 2. tbl. (nóvember 1945), bls. 104-113.

Ólafur Ragnar Grímsson og Þorbjörn Broddason, *Íslenska þjóðfélagið. Félagsgerð og stjórnkerfi* (Reykjavík 1977).

Pálmi Jónasson, *Herra forseti. Ólafur Ragnar Grímsson* (Reykjavík 1996).

Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Efasemdir um þingræði“, *Þingræði á Íslandi. Samtíð og saga*. Ritstjórn: Helgi Skúli Kjartansson, Ragnhildur Helgadóttir og Þorsteinn Magnússon (Reykjavík 2011), bls. 125-156.

Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Hverjar eru sögulegar rætur 26. greinar íslensku stjórnarskrárinnar?“, *Saga* 48. árg. 1. tbl. (2010), bls. 15-60.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, *Guðni af lífi og sál. Saga þjóðar, manns og stormasamra stjórnmála* (Reykjavík 2007).

Stefanía Óskarsdóttir, „Þingræði: Einkenni og helstu útfærslur þingræðisskipulagsins“, *Þingræði á Íslandi. Samtíð og saga*. Ritstjórn: Helgi Skúli Kjartansson, Ragnhildur Helgadóttir og Þorsteinn Magnússon (Reykjavík 2011), bls. 101-124.

Svanur Kristjánsson, „Átök um þjóðhöfðingjavalld og lýðræði. Forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar 1996-2004“, *Skírnir* 188. árg. (haust 2014), bls. 248-300.

Svanur Kristjánsson, „Forseti fólksins verður guðfaðir útrásarinnar. Forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar 2004-2008“, *Skírnir* 189. árg. (vor 2015), bls. 7-52.

Svanur Kristjánsson, „Hið nýja Ísland eftir hrunið eða geðþóttavald forseta Íslands? Forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar 2008-2012“, *Skírnir* 189. árg. (haust 2015), bls. 307-359.

Svanur Kristjánsson, „Stofnun lýðveldis - nýsköpun lýðræðis“, *Skírnir* 176. árg. (vor 2002), bls. 7-45.

Þór Vilhjálmsson, „Synjunarvald forsetans“, *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 2004* (Reykjavík 2004), bls. 609-636.